

IÐJUPJÁLFINN



ÍPÍ

Íðjupjálfafélag
Íslands

IÐJUPJÁLFAFÉLAG ÍSLANDS

1. TBL. • 18. ÁRGANGUR • JÚNÍ 1996

BERGFELL HF.

Fjölbreytt úrval af tækjum fyrir hreyfihamlaða einstaklinga í heimahúsum og á sjúkrastofnunum.

Þroskaleikföng – rofar – þjálfunartæki. Tjáskiptatæki.

Hjólastólar – göngugrindur – lyftur (hoist) frístandandi og í loft og margt fl.

Hagstæðustu verðin á markaðinum.

Leitið upplýsinga um verð og fáði senda bæklinga

Impala

Stróllinn frá R82 er nýr fjölnotastróll sem hentar bæði í heimahúsum og á stofnunum.

Ný famleiðsla – frábært verð – frábær gæði



Impala

fjölnota hvíldar-
og hjólastólar
frá R82

BERGFELL HF.

Skipholt 50c

Sími 551 6990

Fax: 551 6956

IÐJUPJÁLFINN

FAGBLAÐ IÐJUPJÁLFA

Pósthólf 4159

124 Reykjavík



PRENTUN: Offsetfjölritun hf. / Sverrir Sveinsson (umbrot)
Mjólnisholti 14, 105 Reykjavík

RITNEFND: Anna Ingileif Erlendsdóttir
Auður Hafsteinsdóttir
Kolbrún Héðinsdóttir
Sigríður Kr. Gísladóttir

STJÓRN: Hope Knútsson, formaður
Auður Axelsdóttir, varaformaður
Elsa Ingimarsdóttir, gjaldkeri
Lillý Sverrisdóttir, ritari
Elsa Þorvaldsdóttir, meðstjórnandi
Anna Sveinbjörnsdóttir, meðstjórnandi

EFNISYFIRLIT:

Stétt með framtíð	Bls.	3
Afmælisgrein	–	7
Iðjupjálfun er útflutningsvara	–	14
Námskynning 1996	–	20
Skýrsla um kynnisferð til Danmerkur	–	23
PBL – Ný námstilhögun við Iðjupjálfaskólann í Kaupmannahöfn	–	27
Sí námskeið	–	29
Meistarinn og nemarnir sjö	–	30
Endurminningar og framtíðardraumar geðiðjupjálfa	–	35
Iðjupjálfun í Hafnarfirði	–	38
Notkun ferlihjálpartækja með ungum fötluðum börnum	–	40
Af erlendu samstarfi	–	47

NYCOMED ALULITE 4-skipt



Stöðug, létt (57 kg) rúm fyrir heimili og sjúkrastofnanir



NYCOMED
PHARMA



Austurbakki hf.
P.O. BOX 909 – 121 REYKJAVÍK, ICELAND
Borgartún 20, 105 Reykjavík – Sími: 562 8411 – Fax: 562 8435

Hope Knútsson

Stétt með framtíð

Iðjubjálfafélag Íslands heldur upp á 20 ára afmæli sitt í ár. Félagið var stofnað 4. mars 1976. Byrjað var að halda upp á afmælið 2. mars sl. með sérstakri dagskrá í framhaldi af velheppnuðum aðalfundi. Guðrún Pálmadóttir iðjubjálfi á Reykjalundi flutti erindi sem hún nefndi „Iðjubjálfun á Íslandi í 20 ár: þróun, staða, framtíðarsýn.“ Hún tók saman á mjög skipulagðan og skemmtilegan hátt, helstu staðreyndir í sögu iðjubjálfunar á Íslandi. Erindið fjallað um 5 þætti í sögu iðjubjálfunar:

1. Stærð stéttarinnar og starfsvettvangur.
2. Menntun iðjubjálfa og fagleg ímynd.
3. Staða iðjubjálfunar í íslensku samfélagi.
4. Alþjóða samskipti og staða.
5. Hlutverk Iðjubjálfafélags Íslands.

Að erindinu loknu skiptust fundarmenn í 6 umræðuhópa sem fengu það verkefni að skrifa söguna áfram. Hvernig sjáum við iðjubjálfastéttina eftir önnur 20 ár varðandi þessa sömu 5 þætti. Verkefnið kom af stað mjög líflegri og uppbyggjandi umræðu. Það er enginn vafi á því, miðað við þessa æfingu í framtíðarspádómum, að iðjubjálfun er stétt með mikla framtíð. Við þökkum Guðrúnu

innilega fyrir að leiða okkur í gegnum þetta sögulega ferli. Við upplifðum mikið stolt og metnað þennan dag.

Næst snæddum við afmælistertuna. Afmælisnefnd félagsins gerði könnun um óskir félaga um hátíðahöld sem verður unnið úr og hátíðahöldin halda áfram í vor og haust.

Fréttatilkynning um afmælið var send fjölmiðlum og birtist í nokkrum dagblöðum.

Í tilefni 20 ára afmælisins hefur stjórn félagsins gert sérstaka áætlun fyrir árið.



Merki iðjubjálfa

Fráfarandi stjórn fannst það við hæfi á þessu afmælisári að leita til fagfólks um að hanna merki Iðjubjálfafélags Íslands. Við vonum að félagar verði ánægðir með útkomuna. Prentað verður nýtt bréfsefni, umslög, kveðjukort og loksins getum við pantað boli og jafnvel fleiri smáhulti með merki félagsins áprentuðu.

Bókagjöf

Í 20 ár hefur félagið verið að kaupa og safna fagbókum og tímaritum til þess að afhenda væntanlegri námsbraut. Þrátt fyrir seina-gang í skólamálu iðjubjálfa tóku stjórnin



og bókasafnsnefndin ákvörðun um að gefa Háskólabókasafninu þetta safn. Rökin voru aðallega þau að þar eru bækurnar aðgengilegri bæði fyrir iðjupjálfa sjálfa og aðra. Einnig er þetta tækifæri til að vekja athygli á tilveru okkar stéttar og að háskólanám sé á leiðinni. Formleg afhending fór fram 15. mars sl. þar sem gjöf okkar var stillt mjög snyrtilega upp í sérstökum reit. Var bókasafnsnefnd og formanni félagsins boðið í myndatöku og kaffi hjá yfirbókaverði landsbókasafns Íslands sem sendi frá sem fréttatilkynningu í fjölmiðla.

Námskeið um álagsmeiðsli

Námskeiðin um einkenni vegna endurtekens álags á hreyfi- og stoðkerfi við vinnu eða aðra einhæfa iðju, sem verða haldin í lok maí og byrjun júní eru sennilega einn stærsti og mikilvægasti atburður sem félagið hefur nokkurn tíma hrint í framkvæmd. Þetta er í fyrsta skipti á okkar 20 ára ferli sem við stöndum fyrir jafn umfangsmikilli fræðslu fyrir aðrar heilbrigðisstéttir og almenning. Við vonumst til að þetta styrki tengsl okkar



Frá vinstri iðjupjálfnir Helga Guðjónsdóttir, Gerður Gústavsdóttir og Hope Knútsson ásamt Einari Sigurðssyni landsbókaverði.

við annað fagfólk. Íslenskir iðjupjálfar alast ekki upp faglega við hlið annarra heilbrigðisstétta sem þess vegna þekkja ekki nægilega vel starf okkar og menntun. Námskeiðin um álagseinkenni er kjörið tækifæri til að leggja eitthvað af mörkum til almennings og um leið að kynna hlutverk iðjupjálfunar í forvörnum og meðferð á þessum algengu fylgifiskum nútímataekninnar.



Stjórn Iðjubjálfafélags Íslands. Talið frá vinstri. Anna Sveinbjörnsdóttir, Elsa Ingimarsdóttir, Hope Knútsson, Lillý Sverrisdóttir, Lovísa Ólafsdóttir og Auður Axelsdóttir. Á myndina vantar Elsu Þorvaldsdóttur.

Kynningarátak

Í tengslum við 20 ára afmælið og „Repetitive strain injury“ námskeiðin hefur félagið ráðið fyrirtækið Kynning og markaður hf. (KOM) til að aðstoða okkur við kynningu. Sérstakur tengihópur hefur verið stofnaður innan félagsins í kringum þetta verkefni. KOM hefur nú í samvinnu við tengihópinn, gert ítarlega kynningaráætlun.

Áætlunin er að kynna iðjubjálfun á þrennan hátt: 1. Starfsgreinin. Hvað er iðjubjálfun? Hvað gera iðjubjálfar? 2. Álagseinkenni, af hverju stafa þau, hvernig má losna við þau eða draga úr þeim og hvernig má koma í veg fyrir þau. og 3. Iðjubjálfafélag Íslands og ýmis baráttumál þess, einkum íslensk menntun. Kynningunni er beint að almenningi, stjórnvöldum, atvinnulífinu og öðrum heilbrigðisstéttum. Aðaláherslan verður þó lögð á að uppfræða almenning.

Áætlunin felur aðallega í sér samskipti

við fjölmiðla með greinaskrifum, viðtölum við iðjubjálfa og sjúklinga, fréttatilkynningum, og sviðssetningum/uppákomum sem vekur athygli á iðjubjálfun. Skólanefnd hefur síðastliðið ár stundað „lobbyisma“ á mjög háu stigi, inni á alþingi landsins og innan veggja háskólans og meiningin er að þessi almenna kynning á iðjubjálfun hjálpi til við stofnun langþráðrar námsbrautar í iðjubjálfun. Margir iðjubjálfar taka nú þátt í þessu kynningarátaki og íslenska þjóðin mun verða margs vísari um okkar fag að því loknu. Félagar ÍÞÍ hafa lengi haft áhuga á markvissari kynningu en þá hefur e. t. v. skort heildarhugmynd, tengsl og hugrekki. Með aðstoð reyndra fagmanna gerum við nú það sem okkur hefur lengi langað til. Þetta er spennandi og krefjandi ár fyrir iðjubjálfa á Íslandi. Stjórnin óskar félögunum til hamingju með 20 ára afmælið.

Hættum að lyfta

MEDEMIC SVENKO

hjálpartæki sem hafa vinnuvernd að leiðarljósi

Rennidýnur, lyftisþjöld fyrir alla sem nota hjólastóla
eða eiga erfitt með að snúa sér í rúmi

Flutningsdýnur

– breidd 50, 60, 70, 90 cm lengd –
190 cm fyrir þá sem þurfa meiri hjálp

Fiberdýnur

Kærkominn kostur fyra allar þurfa að hvílast vel,
hafa gigt, beinþynningu eða eku bakveikir

VESTKOT

Brekkuseli 12 • 109 Reykjavík • Sími 557 2892

Ingibjörg Pétursdóttir

Afmælisgrein



Árið 1976 var merkisár í sögu iðjuþjálfunar á Íslandi. Þá var Iðjuþjálfafélag Íslands stofnað. Þá gerðist það einnig að

undirrituð útskrifaðist sem iðjuþjálfari frá Háskólanum í Árósum.

Ekki veit ég hvort það var ástæðan fyrir því að mér hlotnaðist sá heiður að mæla fyrir munn frumherjanna. Það er varla verðskuldaður heiður þar sem ég kom heim til starfa 1980 og það höfðu þeir 7 iðjuþjálfar sem stóðu að stofnun Iðjuþjálfafélags Íslands og þær sem komu næstar á eftir unnið geysimikið brautryðjendastarf.

Til að koma að upphafinu verð ég að gerast persónuleg. Það var eiginlega tilviljun sem réði því að ég fór að læra iðjuþjálfun. Ég varð stúdent 1969 og tók mér 4 ára hvíld frá námi eftir það. Var búsett erlendis og ferðaðist víða um lönd. Ég ætlaði nú samt alltaf að „verða eitthvað“. Á þessum árum þótti gott fyrir ungar stúlkur að læra að verða hjúkr-

unarkonur – eins og það hét þá – eða verða flugfreyjur því þá gæti maður komist til útlanda og keypt svo margt lekkert. Þetta fannst mér ekki henta mér.

Sjúkraþjálfun eða félagsráðgjöf komu til greina en var einhvern veginn ekki það sem ég vildi. Loks varð iðjuþjálfun fyrir valinu. Mér er ómögulegt að muna af hverju. Ég hafði aldrei kynnst störfum iðjuþjálfara. En einhverjar upplýsingar hlýt ég að hafa fengið sem kveiktu í mér og ég tók ákvörðun.

Í Iðjuþjálfar- og sjúkraþjálfaraskólanum í Árósum fengu tveir Íslendingar skólavist annað hvert ár, einn í iðjuþjálfun og einn í sjúkraþjálfun. Ég var svo heppin að komast að í fyrstu tilraun og hóf nám haustið 1973 í iðjuþjálfun í Institut ved Århus Universitet for Terapiassistenter eins og það hét þá.

Við vorum fjórir Íslendingar í allt. Iðjuþjálfaneminn sem var á 3ja ári þegar ég hóf nám var Guðrún Pálmadóttir, en hún var fyrsti íslenski iðjuþjálfaneminn í Áróssaskólanum.

Námið var mjög skemmtilegt og kom mér stöðugt á óvart. Ég sem aldrei hafði verið neitt fyrir handavinnu/föndur/handverk (viðkvæmt) lærði bara þó nokkuð og sumt mér til ánægju og gagns, en meira gagn hafði ég af bóklegum fögum. Þrátt fyrir miklar annir á ýmsum sviðum útskrifaðist

ég sumarið 1976 með pompi og pragt, sannfærð um að ég hefði valið rétt.

Þegar þetta var að gerast hjá mér í Danmörku var mér aldeilis ókunnugt um að uppi á Íslandi leit dagsins ljós lítið félag iðjupjálfa; Iðjupjálfafélag Íslands. Sjö iðjupjálfar voru stofnfélagar.

Ég bjó í Danmörku til 1980 og fylgdist því ekkert með fyrstu sporum félagsins en í gömlu blaði (Fréttablað ÍÍ frá 79) sé ég að félagið fylgdist með sínu fólki. Þar les ég m. a. að Margrét Sig., Sigrún Ásmunds. og Rósa Hauks. séu komnar heim úr námi, Ingibjörg Péturs. hafi starfað á Landspítalanum þá um sumarið og Snæfriður sem sé við nám í Ósló hafi starfað á Grensásdeild um sumarið.

Svo hafði Sigríður Jóns. eignast dóttur í apríl. Já, stóri bróðir fylgist heldur betur með.

Í 1. tbl. Fréttablaðsins frá 1980 er kvartað yfir slæmum heimtum á nemum sem luku námi það árið. Nýrra iðjupjálfa var beðið með mikilli eftirvæntingu. Hvenær koma þær, hvert fara þær?

Sjálf skilaði ég mér heim 1980 og réð mig á Reykjalund.

Þá er loks komið að máli málanna.

Ég kynntist framvarðarsveit íslenskra iðjupjálfa og starfsemi Iðjupjálfafélagsins þar sem Hope Knútsson var í fararbroddi (Still going strong). Þá voru starfandi um 15 iðjupjálfar, auk nokkurra útlendra farandi iðjupjálfa sem unnu hér tímabundið.

Iðjupjálfarnir sem stóðu að stofnun Iðjupjálfafélagsins og þeir sem störfuðu fyrstu árin voru eldhugar sem unnu afar óeigingjart starf í þágu félagsins og stéttarinnar. Mikið kynningarstarf hafði verið unnið og árið 1980 var helgað kynningu á iðjupjálfun (Og enn erum við að . . .).

Ýmis hefti og bæklingar höfðu varið útbúin. Auk kynningarbæklinga má nefna

hefti með leiðbeiningum um réttar vinnustellningar og leiðbeiningum um liðvernd. Og framsýnar voru þær: Í öðru tölublaði Fréttablaðsins frá 1979 birtist greinargerð sem send var í heilbrigðisráðuneytið og félagsmálaráðuneytið og T. R. um iðjupjálfun sem þátt í betri og víðtækari heilbrigðisþjónustu. Þessi greinargerð er aldeilis frábær og mætti nota hana nánast óreytta í dag.

Á þessum árum nálgadist það dauðasýnd að SKRÓPA á félagsfundum – það varð alla vega að vera góð ástæða fyrir fjarveru. Enginn komst hjá því að sitja í nefnd, einni eða fleiri. Ætli nefndirnar hafi ekki verið um það bil jafnmargar og félagsmenn sjálfir.

Þó brautryðjendurnir væru oft stórhuga þá þurfti líka að huga að smáatriðum. Ég áttaði mig á því þegar ég mætti á minn fyrsta félagsfund. Þá var í 3 klst. rætt um hvernig hausinn á bréfsefni Iðjupjálfafélagsins ætti að vera. Þetta var hitafundur; deilt var um stærð, þykkt, lit og lögun á bókstöfunum og sýndist sitt hverjum. Þetta gæti líklega flokkast undir smættahyggi og svo var líka með ýmislegt í meðferð. Mér eru t. d. minnistæðar teikningar af breytingum á hreyfifærni í II. fingri sjúklings með skerta hreyfifærni. Þá hafði verið notaður pípuhreynsari, hann mótaður eftir fingrinum og síðan var teiknað á blað á viku fresti svo hægt væri að sjá framfarir . . . Ekki veit ég hvað Kielhofner segði um svona iðjupjálfun.

En lífið var ekki bara alvara. Litla iðjupjálfafjölskyldan var líka samhent á gleðistundum. Það var farið í ferðlög, grillað, sungið og spilað. Allir skemmtu sér hið besta og hlógu mikið. Sjálfsagt þótti að eiginmenn væru með í öllum ferðum og party-um. Það fannst mér nýfrelsaðri rauðsokkunni megnasti óþarfi, enda átti ég þá ekki eiginmann sem ég gat mætt með upp á arminn.

Í 2. tölublaði 1. árgangs (frá 1979) Fréttablaðis ÍÍ má sjá grein upp á tvær og hálfa síðu síðu um útilegu sem félagskonur og þeirra fjölskyldur fóru í. Í fyrstu málsgrein stendur:

„Frá Reykjavík komu á Ingu bíl: Inga, Jóna, Anne Grethe, Hope, Einar + Tryggvi og Katla á þeirra bíl“

Allir sem fóru í ferðina voru tilgreindir og síðan kom mjög nákvæm og skemmtileg lýsing á viðburðaríkri ferð. Sem sagt pláss fyrir glens og gaman.

Síðan hefur margt gerst og margt breyst. Barnið varð að unglingi sem síðan er kominn á fullorðinsár. Lífið er rétt að byrja og afmælisbarnið baráttuglatt og fullt af orku.

Fjöldi iðjuþjálfara á Íslandi hefur áttfaldast. Sjö iðjuþjálfar eru í mastersnámi. Kröftugt innra starf og barátta fyrir námsbraut í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands hefur verið áberandi undanfarin ár. En betur á ef duga skal. Við biðum og vonum að námsbraut í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands verði sett á laggirnar hið fyrsta. Það væri verðug tvítugs afmælisgjöf.

Ég óska Iðjuþjálfafélagi Íslands til hamingju með farsælt starf í 20 ár í von um gott framhald.

Í apríl 1996

Ingibjörg Pétursdóttir



Frá aðalfundi ÍÍÍ í mars 1996.

Styrktarlínur

Ingvar og Gylfi hf.
Húsgögn og innréttingar

Rakarastofa Gríms
Grímsbæ
Efstalandi 26
Sími 553 1222

Raðhúsgögn

Þórir B. Guðjónsson
Hafnarbraut 1D
200 Kópavogur
Sími 554 0233

Þorvaldur B. Jónsson
skipamiðlari
Hafnarhúsinu

 **RÁÐVÍS HÖNNUN**
Grensásvegi 7 - Sími 568 2468

Tóníka hf. – Umboðs- og heildverslun
Melabraut 53
Sími 561 1668

Berglind Ásgeirsdóttir, iðjupjálfi á Landakoti

Að koma heim!

Ég útskrifaðist vorið 1993 frá Vårdhögskolan í Lundi í Svíþjóð; Þá var mikið atvinnuleysi meðal iðjupjálfa í Svíþjóð; meðal annars vegna versnandi efnahagsstöðu landsins. Það var því freistandi að drífa sig beint heim til Íslands. Aðstæður voru samt þannig að maðurinn minn hafði ekki lokið sínu námi og því ákvað ég að reyna að nýta tímann og afla mér starfsreynslu. Ég fékk sumarafleysingastarf við Sankt Lars geðsjúkrahúsið í Lundi. Þar vann ég á deild þar sem fólk kom inn til greiningar og meðferðar. Unnið var í teymisvinnu og hafði ég aðstöðu inn á deildinni. Það áhugaverða við þetta starf var að ég hafði verið í starfsþjálfun í náminu við vinnuendurhæfingardeildina á þessu sama sjúkrahúsi. Nú voru aðstæður þannig að nokkrir sjúklingar á deildinni höfðu þörf fyrir vinnuendurhæfingu og kom mér því til góða sú innsýn sem ég hafði áður fengið við geðsjúkrahúsið.

Í lok sumars stóð ég svo frammi fyrir því að ekki var auðvelt að fá vinnu, sérstaklega fyrir nýútskrifaðan iðjupjálfa. Ég fór þó af stað og reyndi að freista gæfunnar og upplifði að það var ekki létt að vera útlendingur í leit að starfi þegar mikið atvinnuleysi er. Hringinn þurfti ég því að víkka og fara lengra frá heimilinu. Leið mín lá að lokum

til Trelleborg sem þýddi 50 km leið til vinnu, en það hefði getað verið verr.

Í Trelleborg var mér tekið opnum örmum. Starfið var tímabundið afleysingastarf sem síðan var framlengt. Sjúkrahúsið er bráðasjúkrahús með nokkrum deildum, þar með



talin endurhæfingadeild og dagdeild. Á endurhæfingadeildinni, þar sem ég vann, störfuðu sjö iðjupjálfar. Einn af þeim sá einungis um þjónustu við einstaklinga, sem komu utan úr bæ með beiðnir fyrir handþjálfun og/eða spelugerð. Endurhæfingadeildin var almenn og því líkar sjúkdómsorsakir sem leiddu til endurhæfingar, svo sem heilablóðfall, mjaðmabrot, krabba-

mein, gigt og svo framvegis. Unnið var í teymisvinnu á deildinni. Miðað við að mitt starf var 100%, var eðlilegt að ég hefði um tíu sjúklinga í meðhöndlun. Við vorum jafn margir iðjupjálfar og sjúkrapjálfarar sem störfuðum á deildinni og var því góður grundvöllur fyrir samvinnu um endurhæfingu sjúklinga. ADL þjálfun skipaði stóran sess í starfinu, en þarfir fyrir endurhæfingu voru misjafnar. Margir komu niður í iðjupjálfunina á hverjum degi í þjálfun. Virknin var vel skipulögð þar sem fólk hafði fasta tíma. Þar var boðið upp á vefnað, þurrskreytingar, silkimálun, saumaskap og

fleira. Einu sinni í viku höfðum við hóp-virkni og var þá tekið upp á ýmsu til dæmis fengum okkur kaffi, ræddum saman, spiluðum á spil eða jafnvel þrykktum. Hugmyndin með dagdeildinni var sú, að ef aðstæður leyfðu var sjúklingur útskrifaður fyrr af endurhæfingadeildinni. Hann kom síðan í þjálfun tvo eða þrjá hálfra daga í viku á dagdeildina. Þetta reyndist mjög vel. Á dagdeildinni starfaði einn iðjuþjálfari og einn sjúkrálfari með sinn hvorn aðstoðarmanninn og að auki einn sjúkraliði.

Algengustu hjálpartækin voru til á lager á sjúkrahúsinu og voru þau afhent sjúklingum við útskrift. Ef hins vegar var þörf á sér-tækari hjálpatækjum var skrifuð beiðni til tryggingastofnunar sem úrskurðaði um hvort þörf var á slíku eða ekki.

Við útskrift sjúklings var minni ábyrgð lokið. Sendi ég þá allar upplýsingar, bæði skriflega og jafnvel símleiðis, til iðjuþjálfara á heilsugæslustöðinni í umdæmi sjúklingsins sem þar með yfirtók ábyrgðina. Samskipti mín og heilsugæsluiðjuþjálfara höfðu oft byrjað fyrr sérstaklega ef um heimilisbreytingar var að ræða og ef einstaklingurinn gat ekki útskrifast fyrr en að þeim loknum. Félagslega kerfið fannst mér virka ágætleg, það voru til lausnir fyrir einstaklingana og þær virkuðu og tel ég ástæðuna meðal annars vera góða samvinnu ólíkra fagaðila þar sem markmiðin voru skoðuð. Svíar eru komnir langt á veg hvað varðar útbreiðslu iðjuþjálfunar í þjóðfélaginu. Möguleikar til breytinga á heimili fatlaðs einstaklings eru miklir og er góð samvinna við þá aðila sem halda utan um bæði skipulag og framkvæmd.

Vorið 1995 flutti ég síðan til Íslands. Það var ekki sjálfsgjafið að fá starf sem iðjuþjálfari þegar ég kom heim sólgin í að byrja að vinna eftir barnseignafrí, þar sem ráðningastopp ríkti á stærri sjúkrahúsum. Ég hafði

hug á að starfa með reyndum iðjuþjálfum. Ég fékk þó snemma um sumarið ráðningu við Borgaspítalann á þeim forsendum að ég færi á Landakot þegar þar yrði opnuð öldrunarendurhæfingardeild þá um haustið. Tímenn fram að því ætlaði ég að nota til þess að kynna vinnubrögðum hér á landi. Í október 1995 pakkaði ég niður til flutnings. Eina griptöng, eina sokkaífaru og skóhorn setti ég í bakpoka ásamt ýmsu fleiru sem komst fyrir og lagði af stað á Landakot. Ég hafði nú ekki alveg gert mér grein fyrir því hvað ég var að fara út í. Aðstæðurnar voru frumlegar og hálf einmannalegar, þar sem engin iðjuþjálfun hafði verið til staðar í húsinu áður. Ég fékk til umráða tvö tóm bráðabirgðaherbergi og ekki um annað að ræða en að bretta upp ermar. Ég fékk leyfi til að fara yfir á lokaða deild uppi á 5. hæð sem var full af gömlum húsgögnum og taka það nauðsynlegasta. Þar fann ég meðal annars tvær gamlar sessur og uppblásna klósett-upphækkun sem ég tók traustataki, ekki veitti af því. Ég fékk síðan sitt lítið af hverju, bæði frá Borgarspítala og Grensás. Mér var tekið opnum örmum á Landakoti þar sem lengi hafði verið beðið eftir iðjuþjálfara í húsið. Skyldi ég nú standa undir væntingum? Ég uppgötvaði fljótt að ég hafði nóg að gera, því nú skildi nota iðjuþjálfann, loksins þegar hann var kominn. Ég upplifði mig því mjög ófullnægjandi. Þetta var eins og að brjóta saman tau upp úr bala og halda að ég væri að ná botninum en svo fylltist hann óðar aftur. Ég veit ekki hvernig ég hefði farið að ef ég hefði ekki getað hringt upp á Borgarspítala eða Grensás og talað við iðjuþjálfana þar. Sagt er það sem við iðjuþjálfara eigum við að geta bjargað okkur við ólíklegustu aðstæður. Til að mynda með það í huga hef ég því reynt að vinna eins skipulega og markvisst og hægt er. Vegna aðstæðna er sú

þjálfun sem ég kem nálægt í formi frum ADL þjálfunar. Ég fæ mikið beiðnir um ADL mat og vitrænt mat. Einnig sinni ég heimilisathugun og ýmiskonar hjálpartækjabörfum. Það hefur komið fyrir að ég hef fengið beiðnir um einfaldar spækur og þá helst til að létta á spasma. Ég hef nú í dag fengið svolítið úrval af hjálpartækjum. Gamla saumavél í borði fékk ég frá saumastofunni, sem var lögð niður á Borgarspítalanum og er ég hæst ánægð með hana. Sitt lítið af hverju hefur síðan verið aflað til þess að geta byrjað með virkni.

Það hafa verið erfiðleikar við sameininguna, þar sem takast á venjur sem eru og hafa verið á Landakoti og síðan nýjar hugmyndir. Á Landakoti hafði nýtnin verið í fyrirrúmi. Kemur það fyrir í ýmsum myndum svo sem eins og vel stoppaðir sjúkrasokkar og lök. Sjúkrahúsið er lítið, þar sem allir þekktu alla og ákveðin tryggð ríkti. Mörgum deildum hefur verið lokað og enn er verið að loka deildum og annarskonar uppbygging er í gangi. Ég hef góða tilfinningu fyrir þessari uppbyggingu en hef samt sem áður skilning á þeirri ólgu sem fylgir breytingunum. Það stendur til að byggja upp virka iðjuþjálfun hér með góðu rými til greiningar og endurhæfinga, þar sem hægt er að bjóða upp á fjölbreytni í þeim tilgangi að koma til móts við einstaklinginn. Markmiðið í heildina er að á Landakoti verði nokkurskonar miðstöð fyrir aldraða þar sem tekið verði á sjúkdómum og vandamálum samfara þeim með virðingu, þannig að hinn aldraði geti haldið reisn sinni sem lengst. Samvinna mín við deildirnar á Landakoti er góð. Eins og er eru tvær langlegudeildir með hvíldarplássum og ein endurhæfinga- og greiningardeild þar. Sjúkraþjálfararnir, sem eru fjórir starfandi á Landakoti og hafa

starfað þar undanfarin ár, hafa tekið mér mjög vel og reynst mér góður stuðningur. Það hefur verið mikil breyting fyrir þær að fá iðjuþjálfara í húsið þar sem þær hafa ekki reynslu af samstarfi við þá. Þær hafa því fram að þessu sinnt því starfi sem annars snýr að okkur, svo sem heimilisathuganir, hjálpartæki og fleira. Við þurfum því báðar stéttirnar að sína lipurð og skilning við þessar aðstæður. Þar sem báðir aðilar sýna áhuga á góðri samvinnu eru forsendurnar góðar. Félagsráðgjafi var ráðinn frá áramótum, en enginn félagsráðgjafi hefur verið starfandi í húsinu í 2 til 3 ár. Þetta er því allt mjög mikið í mótnun hér á Landakoti og ekki annað hægt að segja en að starfið sé spennandi. Ég er bjartsýn og komin yfir fyrsta einmannaleikann, þó að ég hafi stundum óskað að ég hefði annan iðjuþjálfara með mér. Samt vil ég taka það fram að í uppbyggingu iðjuþjálfunar á Landakoti stend ég ekki ein í orðsins fyllstu merkingu. Landakot er hluti af Sjúkrahúsi Reykjavíkur og því eru iðjuþjálfar með mikla reynslu bæði á Grensás og Borgarspítalanum sem ég get snúið mér til. Iðjuþjálfunin á Landakoti er ekki enn orðin sjálfstæð og heyrir eins og er undir iðjuþjálfunina á Borgarspítalanum. Uppbyggingin gerist mun hægar heldur en ég gerði mér grein fyrir í upphafi. Samtímis tel ég að hlutirnir geti ekki farið hraðar eins og aðstæður eru í dag. Ég held því áfram með þessi tvö bráðabirgðaherbergi og hef nú fengið aðstoðarmann í 50% starf. Við vinnum nú í rólegheitum að uppbyggingu virkni á einni deild og á meðan við erum ekki fleiri starfandi á iðjuþjálfun Landakots höldum við okkur á floti og sinnum því nauðsynlegasta.

Iðjubjálfun er útflutningsvara

Viðtal við Guðrúnu Árnadóttur iðjubjálfa



Einn fagran dag í mars brugðu tveir ritnefndarmenn sér í vesturbæinn til að spjalla við störfum hlaðinn iðjubjálfa, sem hafði góðfús-

lega fundið tíma fyrir viðtal í mjög þéttskipaðri dagskrá sinni. Ætlunin var að fá smá innsýn í líf Guðrúnar Árnadóttur, sem lifir af því að kenna iðjubjálfun erlendis. Kennslan fer að mestu fram á námskeiðum og dvelur Guðrún að meðaltali hálf tónni erlendis, en kennslan dreifist yfir árið. Hinn hluta ársins situr hún ekki aðgerðalaus eins og fram kemur hér á eftir.

– Hvernig datt þér í hug að velja iðjubjálfun, sem á þessum tíma var ekki vel þekkt hér?

Þegar ég var í menntaskóla frétti ég af þessu fagi og kynnti mér hvað fólst í menntuninni. Það virtist samræma áhugamál mín, sem voru læknisfræði, sálfræði, athafnafræði, listfræði og mannfræði. Reyndar kom upp úr kafinu að það var lítil listfræði í þessu öllu saman. Starfsbjálfun á sjúkrahúsum var á þeim tíma inntökuskilyrði í iðjubjálfun og ég vann því eitt sumar sem sjúkraliði á Grensásdeild Borgarspítalans. Þar var ekki iðjubjálfun á þeim tíma. Hins vegar vann ég með norskum iðjubjálfa á Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra til að fá frekari innsýn í starfið áður en ég fór út til náms.

– Hvar lærðir þú iðjubjálfun og hvers vegna varð sá staður fyrir valinu?

Ég lærði iðjubjálfun við Manitoba háskóla í Kanada. Það var tilviljun að ég fór vestur um haf. Hér voru staddir Vestur-Íslendingar sem að hvöttu mig til þess að fara til Kanada í nám. Auk þess var á þeim tíma samvinna á milli Manitoba háskóla annars vegar og Háskóla Íslands hins vegar. Hing-

að komu ráðgjafar frá Manitoba háskóla sem sátu í nefnd ásamt Íslendingum, en nefndin var skipuð af Menntamálaráðuneytinu hér til að athuga möguleika á því að stofna til menntunar iðju- og sjúkraþjálfara. Niðurstaða nefndarinnar var að það væri grundvöllur fyrir stofnun námsbrautar í sjúkraþjálfun innan læknadeildar HÍ, en ekki tímabært að hefja námsbraut í iðjuþjálfun. Þetta var árið 1975. Það má geta þess að nefndin áleit nauðsynlegt að nám í iðjuþjálfun myndi tengjast námi í sjúkraþjálfun innan 5-10 ára á þeim tíma. Skólanefndinni hér var boðin skólavist fyrir þrjá sjúkraþjálfaranema í tengslum við þessa samvinnu. Þegar mín umsókn barst til Kanada var ákveðið að veita mér líka skólavist, þó það hafi ekki verið hugmyndin í upphafi að bjóða skólavist í iðjuþjálfun þar sem ekki voru mörg pláss fyrir iðjuþjálfaranema og því fengu erlendir nemar ekki inngöngu.

– *Fórstu að vinna að loknu náminu í Kanada eða fórstu strax yfir í Mastersnám?*

Ég fór í þriggja ára diplómanám í Kanada sem var heilsársnám og voru sumrin notuð til verkmenntunar. Ég lauk iðjuþjálfaprófi 1978. Við skólann var einnig boðið uppá bachelorgráðu sem framhaldsmenntun fyrir iðju- og sjúkraþjálfara. Tveggja ára starfsreynsla var skilyrði til að komast í það nám. Ég fór því heim og vann í fjögur ár, fyrst hjá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra og síðan á Grensásdeild Borgarspítalans. Að þeim tíma loknum fór ég aftur út og lauk bachelorgráðunni frá Manitoba háskóla, með viðkomu í McGill háskólanum í Montréal, þar sem ég tók greinar í kennslusálfræði. Að því loknu fór ég heim og vann um tíma á Borgarspítalanum í Fossvogi og á Grensásdeildinni.


– *Hvers vegna og hvenær ferðu svo í mastersnámið og um hvað fjallaði lokaverkefnið?*

Það var árið 1985, en þá var þörfin fyrir frekari fróðleik farin að gera vart við sig aftur. Ég ákvað að sækja um Fulbrightstyrk og fékk hann. Ég var búin að kynna mér mastersnám í iðjuþjálfun og taugasálfræði við mismunandi háskóla í Bandaríkjunum, enda hafði ég alveg eins áhuga á að fara yfir í taugasálfræði og tengja hana iðjuþjálfun. Suður-Kaliforníu háskóli varð fyrir valinu, því margir viðurkenndir prófessorar störfuðu þar þá. Má þar nefna doktor Yerxa, sem hefur lagt mikið af mörkum innan fagsins í sambandi við kenningar, rannsóknir og menntun, ekki síst til að koma menntuninni yfir á æðri skólastig. Hún ferðast nú um heiminn og aðstoðar við að færa námið úr sérskólum yfir í háskóla og við undirbúning masters- og doktorsnáms.

Doktor Ayres starfaði einnig við þennan skóla, en ég hef alltaf haft mikinn áhuga á „Sensory integration“, eða skynheildun í tengslum við meðferð barna og fullorðinna. Námið tók tvö ár og lauk með mastersritgerð. Ég valdi að athuga fylgni á milli tilgátu iðjuþjálfara og niðurstöðu tæknilegra matsaðferða, það er að segja tölvusneiðmynda og heilalínurita, varðandi staðsetningu skertrar heilastarfsemi. Tilgáta iðjuþjálfans byggðist á athafnagreiningu við framkvæmd daglegra athafna. Greiningin gaf til kynna hvort um var að ræða skerta framkvæmdafærni og ef svo var hvaða sálræn einkenni af vefrænum toga yllu skerðingunni.

– *Nú ert þú þekkt víða um lönd fyrir að hafa þróað sérstaka matsaðferð, A-ONE. Byggðir þú þá aðferð á mastersverkefninu?*

Nei, hún byggist ekki á því, en þróun matsins var forsenda þess að hægt væri að framkvæma rannsóknina. Það kom nefnilega í ljós að engir nothæfir kvarðar voru til sem byggja mætti tilgátu iðjuþjálfans á. Ég



Myndin sýnir útgreiðslu A-ONE.

varð því að byrja á því að þróa mat sem hlaut nafnið Árnadóttir OT- ADL (occupational therapy- activities og daily living). Neurobehavioral Evaluation sem gengur undir skammstöfuninni A-ONE og framkvæma nauðsynlegar rannsóknir að staðla matið og kanna gildi þess og áreiðanleik. A-ONE byggir á athafnagreiningu og metur framkvæmdafærni við daglegar athafnir og greinir samtímis hvaða einkenni skertrar heilastarfsemi hindra færni.

– *Var þetta ekki óvenju stórt verkefni og gerðir þú þér grein fyrir hversu langt það myndi teygja sig?*

Jú, þetta var mun umfangsmeiri ritgerð og rannsóknir en ætlast var til. Mér var sagt frá byrjun að þetta væri allt of viðamikið og óframkvæmanlegt, svo ég yrði að skera niður og takmarka mig meira. Mig langaði bara að vita þetta allt (hlær) og þar við stóð. Það var aldrei ætlunin í upphafi að þetta mat yrði notað til annars en að safna þeim upplýsingum sem ég þurfti í samanburðarrannsóknina, hvorki af mér, þeim sem ég hafði þjálfað til gagnasöfnunar með mér né öðrum. Próffessorar mínir töldu hins vegar að matið ætti erindi til annarra iðjuþjálfara og hvöttu mig til að koma því á framfæri. Þeir komu mér á framfæri við bókaforlög og í framhaldi af því gaf Mosby forlagið út bók mína „The Brain and Behavior: Assessing Cortical Dysfunction Through Activities of Daily Living“, sem þýða má á íslensku sem „Heili og hegðun: Að meta heilaskaða út frá daglegu atferli sjúklings.“ Bókin kom út árið 1990 og byggir á mastersritgerðinni og þróunar á kenningum þeim er liggja að baki matinu og frekari rannsóknum til að staðla matið og kanna gildi þess og áreiðanleik.

– *Gerðir þú þér á þessum tíma grein fyrir því að A-ONE myndi ná svo mikilli útbreiðslu sem orðið hefur?*

Nei, ég hafði aldrei velt því fyrir mér, enda útbreiðsla ekki markmiðið. Ég ætlaði bara að slaka á þegar þetta væri búíð. Reyndin varð önnur og ég hef ferðast og haldið námskeið, auk þess sem ég hef haldið fyrirlestra á ráðstefnum fyrir iðjuþjálfara og á þverfaglegum ráðstefnum. Námskeiðin fjalla um þekkingargrundvöll kenninganna, framsetningu matsins, stigagjöf og rannsóknir tengdar því.

– *Hvar hefur þú haldið fyrirlestra?*

Námskeiðin hafa verið haldin á öllum Norðurlöndunum, í Ástralíu, Bandaríkjunum, Hollandi, Kanada og Sviss. Auk þess hef ég flutt fyrirlestra og styttri námskeið í Þýskalandi, Bretlandi, Belgíu og Portúgal. Ég hef einnig starfað sem gestakennari við hákóla í Svíþjóð um nokkurra vikna skeið, þar sem ég kenndi öllum árgöngum í grunnnámi iðjuþjálfunarbrautar. Ég kenndi þar einnig iðjuþjálfum, sjúkraþjálfurum og hjúkrunarfræðingum í framhaldsnámi.

– *Er ekki hættu á að þú missir tökin á námskeiðunum og aðrir iðjuþjálfar fari að kenna án frekari réttinda?*

Það er vissulega möguleiki en ég hef ekki miklar áhyggjur af því. Flestir þeir iðjuþjálfar sem sótt hafa námskeiðin hafa virt nauðsyn þess að viðhalda ákveðnum staðli. Þeir hafa einnig gert sér grein fyrir því að þessi námskeið eru nauðsynleg til að ná æskilegum áreiðanleika. Þeir hafa því frekar reynt að stuðla að því að sem flestir hafi möguleika á að sækja námskeiðin og beitt sér fyrir því að fá fleiri námskeið. Iðjuþjálfar virðast tryggja að þeir sem nota A-ONE hafi til þess tilskilin réttindi og þjálfun. Í sumum löndum, þar sem nóg framboð er af iðjuþjálfum hafa sjúkrahús sett A-ONE námskeið sem skilyrði fyrir ráðningu iðjuþjálfara sem ráðnir eru til að vinna með sjúklinga, sem hafa sálræn einkenni af vefrænum toga. Í öðrum til-

fellum hafa heil bæjarfélög íhugað að krefjast þess að þjálfarar þeirra hafi staðist A-ONE námskeið og séu færir um að nota matið.

– *Hvernig nýttast námskeiðin þeim sem hafa sótt þau?*

Margir nota matið í heild sinni, aðrir nýta sér þekkinguna sem að baki liggur og enn aðrir yfirfæra þessa tegund athafnagreiningar og hugtökin yfir á aðrar athafnir. Þannig eru ADL-færniþróf, sem iðjuþjálfar hafa fram að þessu eingöngu notað á staðlaðan hátt til að meta framkvæmdafærni, nú einnig notuð til að greina orsök skertrar færni, það er til að meta skerðingu á hæfniþáttum sem eru nauðsynlegir til framkvæmda.

– *Hvernig er vinnu þinni nú háttað?*

Mitt aðalstarf núna er að ferðast og halda námskeið, sem hvert um sig er 40 klukkustundir auk tilheyrandi heimavinnu nemenda. Í byrjun hafði ég ekki hugmynd um hversu mikil eftirspurn yrði eftir námskeiðunum, en nú hafa á annað þúsund iðjuþjálfar setið þau. Varðandi önnur verkefni þá er löngu orðið ljóst að ég anna ekki eftirspurn eftir námskeiðum, sem aftur hægir á æskilegri útbreiðslu. Ferðalögin valda miklu álagi og það er erfitt að sinna frekari þróun eða öðru samhliða. Því er brýnt að þróa námskeið fyrir aðstoðarkennara en slíkt tekur tíma og hann skapast ekki nema að ég minnki ferðalögin. Það þarf líka fjármagn til að hanna kennsluefni og til að þjálfa upp kennara.

Auk námskeiðahalds og fyrirlestra hef ég tekið þátt í ýmsu öðru t.d. annars konar kennslu, eins og ég minntist á áðan, og þýðingum. Það er búið að þýða hugtökin yfir á dönsku og afrakstur þeirra vinnu var gefin út af danska félaginu í vetur. Það er mikilvægt að margir komi að slíkri vinnu til að

þýðingarnar verði góðar. Það er einnig verið að þýða hugtökin yfir á fleiri mál svo sem þýsku, hollensku og frönsku. Það má einnig nefna í tengslum við þýðingar, að búið er að gera samning við Mosby forlagið um þýðingu bókar minnar yfir á japönsku og er sú útgáfa væntanleg síðar á þessu ári.

Í sumum löndum eru starfshópar iðjuþjálfar, sem tekið hafa þátt í námskeiðunum og hafa áhuga á frekari þróun og skoðanaskiptum varðandi þetta efni. Í Hollandi er slíkur áhughópur starfandi og var mér boðið á fund hjá þeim s.l. haust til að fylgjast með vinnu þeirra. Á fundinum flutti iðjuþjálfari sem var að ljúka framhaldsnámi í taugasálfræði fyrirlestur um rannsóknir sínar, sem byggðust á stöðlun hollenskrar útgáfu á A-ONE matinu. Hún hefur einnig í samráði við mig og fleiri, beitt sér fyrir þróun á tölvuforriti til gagnasöfnunar við notkun A-ONE. Það verkefni er fjármagnað af hollenska iðjuþjálfafélaginu og mun forritið auðvelda samanburð í klíniskri vinnu og við rannsóknir. Fyrirhugað er að koma upp gagnabanka í tengslum við matið, þar sem forritið verður notað víða á hollenskum iðjuþjálfadeildum.

Ég hef einnig leiðbeint nemum í framhaldsnámi í iðjuþjálfun í öðrum löndum, ef verkefni þeirra byggja á A-ONE. Ég hef því alltaf nóg að gera þó svo að verkefnin séu ekki öll launuð.

– *Nú ertu líka að skrifa bók, er það ekki?*

Jú, eða öllu heldur bókakafla. Bandarískur iðjuþjálfari, Glen Gillen, sem sótti A-ONE námskeið fyrir nokkrum árum er ritstjóri að bók sem ber titilinn Occupational Therapy Management of the CVA patient, eða iðjuþjálfameðferð heilablóðfallssjúklinga. Áætlað er að hún komi út næsta vetur. Gillen taldi mikla þörf á að koma þeim kenningum, sem A-ONE matið byggist á inn í

grunnnám iðjubjálfa í Bandaríkjunum þannig að nemendur kynnist þessum hugsunarhætti frá byrjun. Hann bað mig um að skrifa kafla um kenningarnar og hvernig sálræn einkenni af vefrænum toga hafa áhrif á framkvæmdafærni. Til að skrifa annan kafla í bókinni sem fjallar um meðferð, valdi hann iðjubjálfa sem hefur einnig verið á námskeiði hjá mér. Sú heitir Kerry Ruvid og byggði hún mastersverkefni sitt, sem hún lauk frá Gainesville háskólanum í Florida í fyrra, á A-ONE matinu. Meðferðar-kafla bókarnnar verður því einnig skrifaður í sama anda.

– *Hefur þú hug á að halda áfram námi?*

Það hefur verið ýtt á mig að fara í doktorsnám og mér boðnir styrkir í tengslum við slíkt. Vissulega hef ég áhuga á frekara námi, en maður verður að velja og hafna. Frekara nám eins og ég hugsa mér það, krefst þess að ég flytjist erlendis eina ferðina enn. Það yrði í fjórða skiptið og ég hef ekki mikinn áhuga á því. Ég yrði auk þess að hætta ferðalögum til kennslu um tíma og þar með útbreiðslu á matinu. Það er ekki hægt að samræma alla þessa hluti og því verður maður að finna réttu áherslurnar hverju sinni.

Gagnasöfnun og rannsóknir get ég hins vegar stundað án þess að fara endilega út í frekara nám og það er mjög brýnt verk. Hins vegar skortir mig í augnablikinu bæði tíma og fjármagn til að skipuleggja gagnasöfnun til rannsókna og til að vinna úr gögnunum.

– *Hver er þín framtíðarsýn varðandi námsbraut í iðjubjálfun og þróun iðjubjálfunar á Íslandi næstu 20 árin?*

Varðandi kennslu á Íslandi er nú fyrst að sjá hvort námsbraut kemst á laggirnar. Ef námsbrautin verður að veruleika, þá þarf að leggja megin áherslu á að hún verði byggð á

traustum grunni frá upphafi, því framtíð iðjubjálfunar í landinu mun velta á þessu námi. Námið þarf að byggja á því besta sem völ er á varðandi grunnhugmyndir iðjubjálfunar og að mínu mati er nauðsynlegt að leggja áherslu á að sjónarhorn iðjubjálfans miðar alltaf út frá iðju eða athöfnum, eins og fram kemur í „Occupational Science“ líkaninu frá Suður-Kaliforníu háskóla, því maðurinn er athafnavera. Með slíku viðhorfi má koma í veg fyrir of mikla skörun við aðrar stéttir.

Hvað varðar þróun iðjubjálfunar á Íslandi næstu tuttugu árin, fyndist mér æskilegt að leysa eitthvað af þeim málum, sem hafa verið til umræðu síðustu tuttugu árin. Þar má nefna samninga við Tryggingastofnun ríkisins um greiðslur vegna iðjubjálfunar í heimahúsum og á göngudeildum. Mikilvægt er að iðjubálfum fjölgi þannig að biðin eftir iðjubjálfun styttist og fólk fái þar með þá tegund þjálfunar sem það þarf á að halda, en ekki eitthvað annað í staðinn. Fleiri iðjubjálfa þarf til starfa í skólakerfinu og víðar. Til að þessi fjölgun geti átt sér stað er þörf á lausn í skólamálum.

Stórauka má rannsóknir á sviði iðjubjálfunar og gæðakannanir ættu að verða sjálf-sagður þáttur í starfi iðjubjálfa.

Námskynning IBÍ 1996

Sunnudaginn 10. mars fór fram hin árlega námskynning Háskóla Íslands. Að þessu sinni voru heilbrigðis- og uppeldisgreinar kynntar í Sjómannaskólanum. Þessar myndir voru teknar við það tækifæri.




*Það á afmæli í dag,
það á afmæli í dag,
það á afmæli IBÍ,
það er 20 ára í dag.*



*Spurt og svarað
um notkun skeiðar.*




„Hvað ætlar þú að verða vænna . . . ?“



*„Náms-
ráðgjafi
safnar
í sarpinn“*

Ertu með verk í bakinu ?



Mjóbaksbelti


Tvöfalt teygjubelti með frönskum rennilás.

Krossbönd og plastteinar yfir mjóbakið sem gefa góðan stuðning. Úr þægilegu teygjuefni sem loftar vel og þægilegt er að vera í.



Grindarbelti

Tvöfalt teygjubelti með frönskum rennilás. Þúði sem styður við spjaldhrygginn. Gefur góðan stuðning við grindargliðnun.



Líkamsstöðubelti

Stuðningsbelti til að lagfæra og rétta ranga líkamsstöðu. Úr mjúku teygjuefni sem læsist að framan með frönskum rennilás.

Við viljum að þér líði vel !



Hverfisgötu 105 • 125 Reykjavík • Sími 562 1460 • Fax 552 7966

Guðrún Pálmadóttir, iðjubjálfi, M.S.
Snæfríður Þ. Egilson, iðjubjálfi, M.S.

Skýrsla um kynnisferð til Danmerkur

Í tengslum við undirbúning náms í iðjubjálfun á Íslandi



Inngangur:
Dagana 6.-10.
nóvember
1995 fóru
undirritaðar,
Guðrún
Pálmadóttir
og Snæfríður
Þ. Egilson í
ferð til Dan-
merkur til að

kynna okkur fyrirkomulag iðju-
bjálfunarnáms í Kaupmannahöfn
og Álaborg. Auk þess tókum við
þátt í fundum COTEC (Committee
of Occupational Therapists for the
European Communities) og ENOT-
HE (European Network of
Occupational Therapy in Higher
Education) þar sem var fjallað um
iðjubjálfunarmenntun í Evrópu.
Markmið ferðarinnar var að afla

upplýsinga vegna undirbúnings
náms í iðjubjálfun. Menntamála-
ráðuneytið styrkti för okkar um kr.
75.000.

Iðjubjálfaskólar í Danmörku eru 7 og útskrifa á hverju ári 400 iðjubjálfa. Námið tekur 3 ár. Fulltrúar iðjubjálfaskólanna og danska iðjubjálfafélagið hafa ítrekað reynt að fá námið lengt í 4 ár. Þessi barátta hefur verið árangurslaus til þessa, m.a. vegna þess að skyldar heilbrigðisgreinar eru einnig með 3ja ára nám. Lenging á iðjubjálfanáminu myndi því að líkindum kalla á viðtækar og dýrar kerfisbreytingar.

Mikill áhugi er á náminu og sívaxandi eftirspurn eftir iðjubjálfum í Danmörku. Nýlega kom tilskipun frá danska Menntamálaráðuneytinu um að auka skyldi nemendafjölda enn frekar. Allt að helmingur danskra iðjubjálfa vinnur á vegum sveitarfélaga utan hefðbundinna sjúkrastofnana og starfsvettvangur þeirra og viðfangsefni eru

mun fjölbreyttari en það sem þekkist hér á landi.

Heimsókn í iðjuþjálfaskólann í Kaupmannahöfn, 6. nóvember 1995

Skólastjóri iðjuþjálfaskólans í Kaupmannahöfn, Gitten Hammenberg, tók á móti okkur og sagði frá starfsemi skólans og uppbyggingu námsins og sýndi okkur húsakynni. Við höfðum þarna 4 klst. viðdvöl og fengum mikilvægar upplýsingar og ýmis gögn og greinar. Húsakynni þarna eru hentug og rúmgóð. Síðastliðið haust voru teknir upp nýir kennsluhættir sem kallast „Problem baseret læring“. Þetta kennsluform byggir á virkri þátttöku nemanda, en minni áhersla er lögð á hefðbundna fyrirlestra og upplýsingamiðlun. Fyrirkomulag þetta ryður sér nú víða til rúms við menntun ólíkra fagstétta. Allir iðjuþjálfaskólarnir í Noregi fylgja þessu líkani ýmist alveg eða að hluta og ýmsir af dönsku og sænsku skólunum.

Heimsókn í iðjuþjálfaskólann í Álaborg, 7. nóvember 1995:

Í Álaborg tók á móti okkur skólastjórinn, Karen Plesner Christensen og auk hennar tveir af reyndustu kennurum skólans. Iðjuþjálfaskólinn í Álaborg er einn af minnstu og yngstu iðjuþjálfaskólunum í Danmörku. Aðstæður og fyrirkomulag kennslu er nokkuð ólíkt því sem gerist í Kaupmannahöfn. Svipaður háttur var á þessari heimsókn okkar og hinni fyrri. Koma okkar var vel undirbúin og kennarar útveguðu okkur ýmis konar gögn, allt frá lýsingum á einstökum námskeiðum til rannsókna á kennsluháttum. Rætt var um fyrirkomulag kennslu og starfsnáms og húsakynni skoðuð. Við fengum þær fréttir að þarna, eins og í Kaup-

mannahöfn, væri áætlað að auka nemendafjölda og því þyrfti fljótlega að huga að nýjum húsakynnum.

COTEC fundur, 8. nóvember, 1995

COTEC samtökin voru stofnuð 1986. Hlutverk þeirra er að þróa, samræma og bæta stöðu iðjuþjálfunar í löndum innan Evrópusambandsins. Fagið er í örum vexti og nú eru u.þ.b. 48.000 iðjuþjálfar í Evrópu og 158 iðjuþjálfaskólar. Á fundinum voru samankomnir iðjuþjálfar víðs vegar að úr Evrópu. Aðalmál fundarins var fyrirhuguð stofnun ENOTHE næsta dag, en þau samtök eru ætluð fyrir menntunarstofnanir í iðjuþjálfun. Þátttaka okkar á fundinum varð til þess að sett var inn ákvæði í drög að lögum ENOTHE sem heimilar þeim löndum, sem stefna að því að koma upp námi, að taka þátt í starfi samtakanna sem hálfgildir meðlimir. Auk þessa var á fundinum rætt um gæðastjórnun í menntun og starfi og lagðar fram skýrslur frá aðildarfélögum.

Stofnfundur ENOTHE, 9. nóvember, 1995

Markmið ENOTHE er að efla samskipti milli menntastofnana í iðjuþjálfun í þeim tilgangi að bæta menntun og stuðla að faglegri þróun innan fagsins. Fluttir voru fyrirlestrar fyrir alla þátttakendur og einnig skipt í umræðuhópa sem fjölluðu um fyrirkomulag og uppbyggingu náms. Námið í Evrópu er ýmist 3 eða 4 ár og víða er stefnt að því að koma því á B.S. stig. Þátttakendur voru sammála um það að yfirferðin væri of mikil miðað við 3ja ára nám. Víða eru þó tæknilegir örðugleikar á lengingu, þar eð nám hjá skyldum stéttum er einnig 3 ár og lenging myndi kalla á kerfisbreytingar.

Rætt var um framhaldsnám í iðjupjálfun í Evrópu, nemendaskipti og annað. Ísland getur sótt faglega aðstoð til þessara samtaka.

Samantekt:

Það er álit okkar að ferðin hafi verið einstaklega gagnleg. Við fengum þarna faglegar og hagnýtar upplýsingar er munu reynast vel við undirbúning náms í iðjupjálfun á Íslandi. Hingað til höfum við litið fyrst og fremst til Norður-Ameríku varðandi uppbyggingu, fyrirkomulag og innihald náms-

ins, en á Norðurlöndunum er einnig margt áhugavert að finna. Ferðin varð til þess að við mynduðum sambönd við forvígismenn skólamála á Norðurlöndunum og ýmsa aðra fagaðila í Evrópu. Við fundum fyrir miklum stuðningi og áhuga á þeim undirbúningi er hér fer fram. Fram kom að við stofnun iðjupjálfnáms í dag kemur ekkert annað en 4ra ára B.S. nám til greina.

Janúar, 1996

Guðrún Pálmaðóttir

Snæfríður Þ. Egilsson

Iðjupjálfar á geðdeild

Á geðdeild Fjórðungsjúkrahússins á Akureyri eru eftirtalдар stöður lausar til umsóknar frá 1. ágúst 1996:

1. Staða yfiriðjupjálfa, ótímabundin.


2. Staða iðjupjálfa, til tveggja ára.

Geðdeild FSA veitir bráðahjálp, meðferð og endurhæfingu vegna geðsjúkdóma og sálræns kreppuástands. Deildin þjónar fyrst og fremst íbúum Norður- og Austurlands. Þar starfa auk iðjupjálfa: geðlæknar (þrír), deildarlæknir, hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar, sálfræðingar, félagsráðgjafi og aðstoðarfólk. Næsta haust mun hálf staða sérkennara tengjast deildinni. Þá hefst einning tilraun til skipulagðrar meðferðar í dagvist fyrir 6-8 sjúklinga. Meðferðarrými sólarhringsvistunar eru 10 talsins. Þjónusta við fólk utan sjúkrahússins fer vaxandi.

Nánari upplýsingar veita Kristín Sigursveinsdóttir yfiriðjupjáli og Sigmundur Sigfússon yfirlæknir í síma 463 0100.

Umsóknir með upplýsingar um menntun og fyrri störf skulu sendar
Sigmundi Sigfússyni, yfirlækni Geðdeilda
Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, 600 Akureyri

Eggjabakkadýnur



**LYSTADÚN
SNÆLAND hf**

Skútuvgi 11
Sími 685588

Eggjabakkadýnur eru formaðar á svipaðan hátt og eggjabakkar. Þær eru lagðar ofan á venjulegar dýnur og eru gæddar þeim eiginleika að verma og mýkja auk þess að hafa einstaka fjöðrun. Þær henta bakveiku fólki mjög vel enda eru þær notaðar jafnt á heilbrigðisstofnunum sem heimilum með góðum árangri. Komdu í verslun Lystadúns-Snælands að Skútuvgi og fáðu að kynna eggjabakkadýnu af eigin raun - eða fáðu lánsdýnu með þér heim. Við veitum ráðgjöf um allt er lýtur að dýnum.

Sendum í póstkrofu um land allt

Emma Pétursdóttir iðjubjálfanemi
Ingibjörg Garðarsdóttir iðjubjálfanemi

PBL - Ný námstilhögun við Iðjubjálfaskólann í Kaupmannahöfn

1. september 1995 var námsskipulagi breytt við Iðjubjálfaskólann í Kaupmannahöfn yfir í svokallaða PBL-aðferð. Við, sem skrifum þetta, erum fyrstu Íslendingarnir sem læra undir þessu nýja námskipulagi. Okkur langar að miðla af reynslu okkar og segja ykkur heima á Íslandi aðeins frá náminu. Við vonum að þessi pistill verði til þess að áhugasamir um iðjubjálfun fái innsýn í námið eftir hinni nýju tilhögun. Einnig væri óskandi að stafandi iðjubjálfar fái jákvæða mynd af okkur PBL-nemum sem verðandi „kollegum“.

Hvað er PBL-aðferð?

PBL er skammstöfun fyrir „problem baseret læring“ á dönsku. Satt að segja erum við

í stökustu vandræðum með að þýða þetta yfir á íslensku. Orðið „problem“ hefur hér breiðari merkinu en íslenska orðið vanda-mál. Það getur líka þýtt viðfangsefni, verkefni eða dæmi. „Læring“ þýðir hér nám eða það að læra og nema vitneskju. Að okkar mati er erfitt að finna tilsvareandi orð á íslensku og höldum okkur því við skammstöfunina BPL. Við látum öðrum eftir að þýða þetta yfir á ástkæra ylhýra.

Hugtakið PBL vísar til námsaðferðar sem hefur verið notuð í 25 ár og er grundvölluð á uppeldisfræðilegum kenningum. Aðferðin var upphaflega þróuð og notuð við læknisfræðideild í bandarískum háskóla. Smám saman var farið að nota hana í fleiri skólum og hinum ýmsu fögum, t. d. hjúkrunarfræði, iðju- og sjúkraþjálfun, félagráðgjöf, jarðfræði og verkfræði. Nú er aðferðin notuð í iðjubjálfaskólanum í Tromsø í Noregi, Lingkjøping í Svíþjóð, Newcastle í Ástralíu og hér í Kaupmannahöfn svo eitthvað sé nefnt. Þess má geta að skólinn í Kaupmannahöfn

er sá eini í Danmörku sem notar þessa aðferð að fullu.

Námið lýsir sér þannig að allt frá upphafi eru nemendur látnir fást við viðfangsefni eða „case“ úr raunveruleikanum. Notaðar eru lýsingar á sjúkdómstílfellum o. fl. sem tengist einstaklingum, hlutum sem iðjuþjálfinn þarf að takast á við í sínu starfi. Við sem nemendur höfum ekki nauðsynlegan bakgrunn til að leysa málin. Dæmin úr raunveruleikanum virka sem hvatning til að afla og tileinka okkur vitneskju svo við getum unnið faglega með viðfangsefnin eða þann hluta þeirra sem tengjast námsefninu. Þetta er unnið með í svokölluðum PBL-hópum. 44 nemendum bekkjarins er skipt í 7-8 manna hópa sem vinna saman 1 ár í senn og oft 10-25 tíma á viku. Að lokinni PBL-hópvinnu sem getur tekið tvo daga og allt upp í nokkrar vikur, miðla allir hóparnir því sem þeir hafa fengist við, til hinna í bekknum. Takmarkið er að allir í bekknum fái eins breiða vitneskju um efnið og hægt er. Allan tímann höfum við kennara sem gefa ráð, handleiða og eru okkur til trausts og halds. Þess á milli fáum við kennslu í fyrirlestraformi í því efni sem tengist hópvinnum.

Hópvinnna er einkennandi fyrir námið. Það gerir meiri kröfur til okkar útlendinganna um færni í dönsku, þar sem tjáning og gagnkvæmur skilningur eru alfa og omega í samvinnunni. Það er erfitt að vinna í hópum

en það verður eflaust ekki auðveldara sem starfandi iðjuþjálfar. Þetta er því ómetanleg reynsla sem nýtist okkur á mörgum sviðum.

Af hverju PBL?

Markmiðið með PBL-aðferð er að nemendur verði þjálfaðir í samvinnu og að þeir „læri að læra“ Áður fyrr var reynslan sú að það sem kennt var úreltist á skömmum tíma. Nemendur áttu erfitt með að yfirfæra það sem þeir lærðu yfir á raunveruleg tilfelli. Einnig var námsefnið orðið það mikið að það var erfitt að komast yfir það á tilætluðum tíma. Námið varð yfirborðskennt þar sem það einkenndist af utanbókarlærdómi og vantaði tengsl við hið raunverulega starf iðjuþjálfara. Reynslan að PBL-aðferð sýnir að nemendur verða sjálfstæðari, þjálfaðari í samvinnu og ábyrgðarmeiri. Jafnvel þó að hin fræðilega þekking okkar sé minni vegna aukinnar hópavinnu á kostnað fyrirlestra þá vitum við hvar og hvernig við öflum hennar. Það er gott vegarnesti fyrir starf í velferðarkerfi sem tekur stöðugum breytingum og gerir sífellt meiri kröfur um auka faglega kunnáttu. Eða, eins og WHO orðar það: „... að geta lært það sem maður á að vita á morgun.“

SI námskeið

Í september næstkomandi mun Anita Bundy, aðstoðarprófessor í iðjupjálfun við háskólann í Kolórado í Bandaríkjunum halda námskeið um skynheildun (Sensory Integration). Ákveðið hefur verið að bjóða uppá þrjá valkosti:

- 1) Eins dags námskeið þann 4. sept. 1996, þar sem kenningar og aðferðir tengdar skynheildun verða kynntar. Þessi dagur er ætlaður iðjupjálfum, sjúkráðgjafum, leikskólakennurum, kennurum og þroskápjálfum.

Verð krónur 5.200,-

- 2) Þriggja daga námskeið dagana 4., 5. og 6. september 1996, þar sem farið verður ýtarlega í kenningar og meðferð. Þessi hluti er ætlaður iðjupjálfum og sjúkráðgjafum.

Verð krónur 11.000,-

- 3) Átta daga námskeið sem eingöngu er ætlað iðjupjálfum og skiptist upp í tvo hluta:

4.-7. sept. (fjórir dagar), þar sem auk framanritaðs verður farið í prófanir.

Vikuna 9.-13. sept er gert ráð fyrir að þátttakendur undirbúi sig fyrir síðari hlutann með ýmsum athugunum.

15.-18. sept. (fjórir dagar), þar sem farið er yfir túlkun á helstu niðurstöðum prófana. einnig verður fjallað um hvernig sett eru markmið í framhaldi af prófunum, hvernig best er að byggja upp meðferð og að haga ráðgjöf.

Verð krónur 18.000,-

Námskeiðin fara fram á ensku og eru haldin í samvinnu iðjupjálfafélags Íslands og Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands. Æskilegt er að þeir sem ætla á 8 daga námskeiðið hafi gluggað í bókina „Sensory Integration – Theory and Practice“, eftir A. G. Fisher, E. A. Murray og A. C. Bundy.

Upplýsingar um stað, stund og skráningarfrest verða kynntar þegar þær liggja fyrir. Allar nánari upplýsingar veita:

Hrefna Óskarsdóttir	vs. 581 4999
Sigríður Ásta Eypórsdóttir	vs. 566 6200
Sigríður Kr. Gísladóttir	vs. 581 4999

Elín Ebba Ásmundsdóttir, iðjupjálfi

Meistarinn og nemarnir sjö

Við erum sjö iðjupjálfar í masters-náminu, undirrituð sem vinnur á Geðdeild Landspítalans, Kristjana Fenger, Margrét Sigurðardóttir og Gunnhildur Gísladóttir starfandi á Reykjalundi, Sigrún Garðarsdóttir og Ingibjörg Ásgeirsdóttir frá Sjúkrahúsi Reykjavíkur og Vallerie Harris hjá Sjálfsbjörgu, landssambandi fatlaðra.

Ráðagerðir varðandi mastersnámið byrjuðu samhliða væntanlegri stofnsetningu námsbrautar í iðjupjálfun við Háskóla Íslands. Þar sem koma ætti á fót námsbraut þyrfti að hafa á að skipa menntuðu hæfileikafólki til stuðnings.

Í júní 1991 barst bréf frá prófessor Gail Maguire til formanns okkar, Hope Knúts-son, þar sem hún lýsir sig reiðubúna til að hleypa þessari nýju námsbraut af stokkunum. Síðan hafa mörg símbréf „runnið til sjávar“ og í fyrstu fannst mér umræðan eitt-hvað svo fjarlæg að hún hafði í raun engin áhrif á mig fyrr en komið var að því að væntanlegir mastersnáms-nemar gæfu sig fram. Ég var á báðum áttum og vissi lítið annað en að þetta hafði áhrif á magann, ég varð hálflystarlaus og flökurt. Nú væri ég

langt gengin í fertugt og vissi nú svo sem ekki hvort þriðja barnið passaði á nokkurn hátt við þetta nám þar sem tveir ungir herra menn voru fyrir. Þegar ég hafði imprað á þessu við minn ektamann og tjáð honum áhuga minn, sagði hann mér af sinni al-kunnu snilld að hafa ekki áhyggjur af því sem ekki væri til og hvatti mig til að taka þátt úr því að ég hefði áhuga.

Á fund skólanefndar mætti ég síðan ásamt öðrum forvitnum og áhugasömum iðjupjálfum. Á þeim fundi var allt fremur óljóst, og átti eiginlega ekkert eftir að skýrast, þar sem alltaf tóku við einhverjir nýir óljósir punktar. Það fyrsta sem þurfti þó að gera var að sækja um skólann og fara í enskupróf.

Ætla mætti að skólaumsókn væri ekki til-tökumál, en það fór nú á annan veg. Ég fór meira að segja í eigin persónu í minn gamla iðjupjálfskóla í Noregi til að fá yfirlit yfir nám mitt svo Florida International University (FIU) gæti metið það, en það gekk ekki. Fyrir svona nám þarf að skrá „curriculum vitae“ og aldrei hefði mér dottið í hug að ég þyrfti að skrá niður – í réttri röð –, allt sem ég hafði tekið mér fyrir hendur (sem betur fór, bara í tengslum við fagið (hjúk)), en þar sem regla er nú á óreglunni hjá mér, fann ég það markverðasta.

Meistarinn og nemarnir sjö, talið frá vinstri:

Margrét Sigurðardóttir, Valeirie Harris, Gail Maguire, Gunnhildur Gísladóttir, Sigrún Garðarsdóttir, Ingibjörg Áseirsdóttir, Kristana Fenger og Elín Ebba Ásmundsdóttir.



Ekki var sjálfstraustið mikið gagnvart enskuprófi, þannig að um páskana 1994 æfði ég mig í að taka enskupróf með hjálp gagna frá Menningarstofnum Bandaríkjanna. Það reyndist þó vera lítilræði miðað við GRE prófið, sem einnig verður að gangast undir. Ég fékk áfall þegar ég fékk lánuð fyrstu gögnin og hélt ég myndi bara gefast upp, þess fullviss að skammstöfunin stæði fyrir „Glópar Reyna Ensku“. Þessi tvö próf reyndu því verulega á hvort ég vildi í raun leggja þetta á mig eður ei. Ég gat á engan hátt einbeitt mér til náms að vinnudegi loknum, heima fyrir með tvo fjöruga drengi, – ég kvöldsvæf manneskjan sem sofnar um svipað leyti og börnin. Eina leiðin sem ég sá

út úr þessum vanda var að vakna klukkan fimm á morgnana til að fá tveggja tíma frið. Þetta gerði ég svo í þá tvo mánuði sem voru til „Glópa“ prófsins. Í örvæntingu minni í viðureigninni við undirbúninginn fyrir GRE prófið fullvissaði Guðrún Guðfinnsdóttir, iðjuþjálfari mig um að þetta væri það erfiðasta og svei mér þá ef hún hafði ekki rétt fyrir sér. Þótt ég væri vel undirbúin, hafði ég á tilfinningunni að ég væri eiginlega bara að fylla út lottómiða í þessu fjögurra tíma GRE prófi, – en „miði er möguleiki“. Fleiri lögðu undir til að geta „spilað með“ og hún Margrét okkar mætti meira að segja með 40 stiga hita svo að við hinar gátum ekki látið bera á neinni sjálfsvorkunn. Síðar tókum við annað

enskupróf, TOFEL-prófið, (Tek Og FELI) en það átti eftir að reynast auðvelt í samannburði við þessi ósköp.

Í lok október 1994 var fyrsti áfanginn yfirstaðinn, umsóknargögnin farin og tveimur forprófum lokið, en það heyrðist bara ekkert frá okkar kæra prófessor dr. Gail Hills Maguire og FIU-stjórnendur voru lengi vel tregir við að viðurkenna iðjupjálfanámið sem BS-nám.

Í byrjun árs 1995 var ég hætt að hugsa um þetta og farin að líta hýru auga til karls míns. Það var líka eins og við manninn mælt, við frjövgun kom símbréf frá Gail; hún væri að koma fyrir páskana og FIU hefði samþykkt prófin til BS-gráðu svo nú væri bara að hefjast handa. Ef satt skal segja varð ég þínu spæld, orðin ólétt og hrædd um að mér yrði þetta ofviða. Ég hugsaði með mér, ég trúi ekki á þetta nám fyrr en ég hitti sjálf þessa konu. Aukinheldur hlaut hún að vera eitthvað skrítin, hún sagði t.d. að Hope myndi þekkja hana á flugvellinum á sandölunum!!

Gail kom svo fyrir páskana 1995 og ég mun aldrei gleyma fyrsta tímanum hjá henni. Konan talaði meira en ég! – var óstöðvandi tungufoss. Ég skildi ekki helminginn af öllum verkefnum sem okkur var ætlað að vinna og byrjaði að telja niður í huganum svo ekki sæist hve illa mér leið. Ég fór að efast um að þetta nám væri erfiðisins virði. Af hverju var ófrísk kona um fertugt, í góðri stöðu og með lítil börn, að leggja þetta á sig? Ég ætlaði að fara að eignast mitt síðasta barn, hvers vegna ekki að njóta þess og slappa af? Hvaða hvatir lágu að baki þessari þörf fyrir að taka þátt í uppbyggingu fagsins og ala upp nýja kynslóð iðjupjálfa? Hafði ég ekki nóg með mig, starfið og fjölskylduna? Fyrstu vikurnar hjá Gail þjáðist ég líka af margskonar sál-líkamleg-

um kvillum; slæmur hálsrígur hrjáði mig og svo var ég alltaf við hellismunna þursabits, enda átti undirvitund mín í mesta basli við að ná sáttum við vitundina.

Þessi Gail reyndist vera hið mesta hörkutól og dúndraði verkefnum í allar áttir, ekki bara yfir okkur nemana, heldur líka til skólanefndarinnar og bókstaflega til allra sem urðu á vegi hennar innan HÍ. Það var engin „elsku mamma“ og ekkert „en ég er bara ekki nógu góð í ensku“, þá sagði hún bara „þú verður þá að ráða þér ‘editor’ væna mín“. Svo heimtaði hún að fá öll verkefnin eftir reglum APA. Ég vissi ekki neitt um neina enska „apa“ og þegar ég svo sá 500 blaðsíðna bók um APA málið, þar sem segir fyrir um hvar og hvenær punktur eða komma komi, röð tilvitnana og . . . þá fór heldur að kárna gamanið. Það var ekki nóg með þessar kröfur um uppsetningu, heldur áttum við að skila ritgerð sem væri birtingarhæf í fagtímariti og þannig úr garði gerð að við gætum haldið erindi um efnið á einhverri ráðstefnu iðjupjálfa úti í heimi. Að kljást við þetta á móðurmálinu hefði verið nógu erfitt. Var nokkur furða þótt maður mætti í vinnu með útstandandi augu og héldi sér í hurðarkarmana, svo maður félli ekki í yfirlið af hræðslu við að standast ekki kröfurnar? Gail talaði líka um „e-mail“, „word perfect“ og „convertera“ hugtök sem ég hafði bara aldrei heyrt um. Að fara á bókasafn og fletta í heimildaskrá var nóg fyrir mig. Við lásum greinar sem við skildum ekki helminginn af því okkur vantaði grunnþekkinguna, sem við fengum reyndar seinna í töl-, aðferða- og líkindafræði-áföngum í Háskóla Íslands. Oft hefur einhver okkar verið að því komin að gefast upp, en þetta er eins og barnsfæðing, þegar barnið er fætt er sársaukinn gleymdur.

Við tókum tvo áfanga hjá Gail, annan í

kennslufræðum og hinn í hugmyndafræði, með áherslu á þróun hugmyndafræði iðjubjálfunar. Sumarleyfið notuðum við síðan til að skrifa ritgerðina „birtingarhæfu hvar sem væri“, eins og prófessor Gail sagði að minnsta kosti. Haustið 1995 fórum við í töl- og aðferðafræði með væntanlegum sjúkraþjálfaranemum, en þeirri reynslu er best lýst með orðum Kristjönu: „Ég taldi mig vera að læra spænsku en lenti síðan í ítölskuprófi“. Á sama tíma vorum við í fjarnámi hjá Gail með öldrunaráfangann „Assessment for the Elderly“. Eins og endranær fylgdu honum engin smáverkefni og nú í mars eru enn nokkrir nemar að ljúka lokaritgerð í þeim áfanga.

Þetta sama haust lenti Ingibjörg tvisvar í bakaðgerð og var ekki öfundsverð af sínu hlutskipti, rúmliggjandi og á miklum verkjalyfjum. Áætluð fæðing hjá mér var um 20. nóvember, en ég var ósköp sátt við að fara framyfir. Oft talaði ég við ófæddan son minn um það hvort ekki væri t.d. í lagi hans vegna að ég færi á „Clinical Reasoning“ námskeiðið og fengi að ná öllum fyrirlestrunum í töl- og aðferðafræði. Í stuttu máli, að gott væri nú að geta klárað þetta verkefnið og hitt. Að endingu fæddist okkur nemunum sjö (ekki dvergunum sjö) og eiginmanni mínum, sveinbarn þann 2. desember 1995. Snorri, en svo heitir drengurinn, var búinn að vera svo tillitssamur við móður sína að hann ákvað að koma í heiminn þegar pabbinn þurfti að skreppa frá í tvo tíma, – bara svona til að minna á að mamma stjórnar sko ekki öllu. Þá var bara að fá ritarann til að hlaupa í skarðið til að „editera“ gang fæðingarinnar og það var gert með sama faglega yfirbragði og við var að búast. Ég tók að sjálfsgöðu öll námsgögnin með mér á fæðingardeildina en hélt reyndar að ég kæmist yfir miklu meira, miðað við þá

góðu þjónustu sem ég þar fékk. Eftir heimkomuna náði ég að brynna músunum í fjóra daga og fjórar nætur og undirbjó mig svo undir spænska „ítölskuprófið“ eða öfugt, næstu fjóra daga og fjórar nætur.

Við Ingibjörg tókum prófið í einangrun. Ástæða þess var sú að við þurftum báðar að standa upp með reglulegu millibili. Hún hafði jú verið bakveik og afturendinn á mér hafði gefið sig í meðgöngunni, svo ekki þótti ráðlegt að við trufluðum með sífelldu „uppistandi“, enda var ég orðin svo von að standa upp þegar þörfin kallaði að í fyrsta líkindafræðitíma hjá Þorláki Karlssyni stóð ég upp í miðjum tíma og gerði mér enga grein fyrir því að það gæti truflað kennsluna.

Aðlögunartækni iðjubjálfa hefur nýst mér vel síðan Snorri fæddist; ritgerðasmíði með barn á brjósti eða í vögg, færni í annarrar handar ritvinnslu, brjóstagjöf með tölfræðiútreikningum (gildir aðeins um hægra brjóst af því að ég er örvhent), – og geri aðrir betur, reyndar er spurning hvenær slag-síða kemur á, – stjórnborðsmegin.

Eftir jól höfum við numið líkindafræði og marktækni rannsókna, svo nú ættum við að skilja það sem við vorum að læra í sumar! Tveir fjarnámsáfangar erum einhvers staðar á hafi úti og hafa ekki borist enn þegar þessi pistill er skrifaður. Við erum í netsambandi við Gail, en það nægir engan veginn til að fá þann stuðning sem við þörfnumst á erfiðum stundum.

Það sem við mastersnáms-nemarnir eigum sameiginlegt er það að við höfum dembt okkur út í eitthvað sem við vissum hvorki hvernig myndi þróast námslega né fjárhagslega, en á þessum tíma höfum við lært mikið, enda lagt hart að okkur.

Í náminu er lögð áhersla á að fagið búi yfir sinni eigin hugmyndafræði sem með-

ferðarvinna og rannsókarstörf geti byggt á. Það hefur verið dragbítur fyrir stéttina hve háð hún hefur verið öðrum fræðigreinum. Iðjupjálfun verður að sanna tilverurétt sinn með frumkvæði í rannsóknum og sýna fram á mikilvægi sitt og áhrifamátt. Námið er hvetjandi og unun að lesa rit og greinar sem sanna hugmyndafræðilega þróun fagsins síðustu ár.

Iðjupjálfar eru í sérstöðu hvað varðar þátttöku í lífi skjólstaðinga og vegna þess að þarfir og úrlausnir eru metnar út frá daglegum athöfnum. Rannsóknarmöguleikar stéttarinnar geta bæði höfðað til þeirra nákvæmu sem vilja mæla og vega, en líka til þeirra sem vilja taka þátt í að skoða og uppgötva nýjar hliðar mannlegra þátta. Fjölbreytni og valmöguleikar í starfi iðjupjálfa gerir fagið áhugavert og litríkt. Þessi breidd í starfinu hefur stundum verið gagnrýnd

sem veikleiki en er þó þegar grannt er skoðað að lykillinn að einstaklingsmiðaðri aðstoð.

Stofnun námsbrautar við Háskólann hefur gífurlegt gildi hvað varðar þróun faglegrar þekkingar og eflingu rannsóknarvinnu iðjupjálfa. Iðjupjálfastéttin hefur á að skipa hæfileikaríku fólki með sérþekkingu og styrk og má þar nefna Guðrúnu Árnadóttur sem eina af gersemum stéttarinnar. Þótt við hinar náum aldrei með tærnar þar sem hún hefur hælana, vitum við að í íslenskum iðjupjálfaðagnum leynast hugmyndafræðingar og vísindamenn en snillingar eins og Guðrún lýsa leiðina.

Nú styttist í Flórídaferðina þar sem við verðum í tvo mánuði og þar sem ég hef hugsað mér þetta sem framhaldssögu, læt ég hér með fyrsta kafla lokið.

Iðjupjálfi óskast

Bergfell ehf.

óskar eftir að ráða iðjupjálfa í hlutastarf
Upplýsingar í síma **551 6990**

Anna Guðrún Arnardóttir og Anna Valdemarsdóttir
iðjubjálfar á Kleppi

Endurminningar og fram- tíðardraumar geðiðjubjálfa

Í tilefni af afmælinu okkar ætlum við að deila með ykkur skemmtilegum endurminningum frá síðasta starfsári og framtíðardraumum okkar, sem vonandi rætast!

Það sem stendur upp úr hjá okkur er Færeyjaferðin góða sem við fórum í síðastliðið sumar. Með í för voru 21 sjúklingur, greinarhöfundar og einn starfsmaður úr iðjubjálfun Kleppsspítala. Ferðin tók alls 10 daga. Við keyrðum til Seyðisfjarðar og tókum ferjuna til Færeyja, fórum þar daglega í leiðangra og höfðum síðan viðkomu á Akureyri á heimleiðinni. Þess má geta að þetta er fyrsta utanlandsferðin sem farin hefur verið á vegum iðjubjálfunar á geðdeild Lsp. Seinna í þessari grein koma brot úr ferðasögunni sem einn ferðalangurinn skrifaði og birtist vonandi í heild sinni í geðhjálparblaðinu...

Eins og mörgum er kunnugt eru ferðalög fastur liður í okkar starfi. Við teljum mjög mikilvægt að okkar fólk fái tækifæri til að njóta þessara lífsgæða eins og allt venjulegt fólk; að upplifa eitthvað nýtt, takast á við óvæntar aðstæður, safna endurminningum, að eiga sér draum sem rætist og að langa heim á ný. Oft sjáum við nýjar hliðar og styrkleika hjá okkar skjólstæðingum í þess-

um ferðum. Það er ótrúlegt hve mikið getur gerst við það eitt að komast út úr blýföstum venjum daglegs lífs.

Undirbúningurinn undir ferðalagið var ekki síður mikilvægur en sjálft ferðalagið. Við byrjuðum með nærri árs fyrirvara að þjappa saman hópnum og að skipuleggja fjáröflun. Fyrir flesta var það stórt skref að yfirgefa landið. Flestir höfðu ekki gert það í 15 - 20 ár og einn aldrei. Eins og vænta mátti fór að bera á kvíða og spennu þegar brottför nálgadist. Við hittumst því oftast eftir því sem nær dró og Ebba var fengin til að sjá um kvíðastillandi djúpslökun. Sumir voru við það að guggna um tíma en náðu að yfirstíga allar hindranir þannig að allir sem ætluðu sér að fara fóru.

Ferðalagið var í heildina mjög ánægjulegt. Að sjálfsögðu er ýmislegt sem kemur upp í svona stórum sjúklingahóp sem nauðsynlegt er að vinna úr. Við þessar aðstæður þar sem unnið er saman allan sólarhringinn í þetta langan tíma er sérstaklega nauðsynlegt að starfshópurinn standi saman og að traust ríki manna á milli. Það reyndi mikið á það í þessari ferð enda má lítið út af bera til að svona hópur splundrist. Það kom okkur á óvart hversu orkukrefjandi þetta var, varabatteríin voru næstum því alveg búin!



Um borð í Norðurlýsinu. Þórshöfn í baksýn.

Ferðasögubrot eftir Friðrik Ágústsson:

Það var eftirvænting í loftinu því förinni var heitið til Færeyja . . . Þegar við komum á Farfuglaheimilið í Þórshöfn klukkan 6 að færeyskum tíma urðum við vör við að þar ríkti gleði og glaumur. Þarna var þá komið skoska landsliðið í fótbolta sem hafði unnið Færeyinga 2–0 kvöldið áður . . . Mér fannst þetta dálítið lunkinn náungi og talaði ég við hann dönsku. Hann átti síðar eftir að verða mikill vinur okkar . . . Síðan var brennt á rútunni niður í bæ. Allt fannst mér fremur nýstárlegt þarna í Þórshöfn og tók ég t.d. strax eftir því að hús voru yfirleitt ekki úr steinsteypu eins og heima á Íslandi . . . Eftir nánari eftirgrennskan kom í ljós að þetta væri auglýsing um ball hjá geðdeildinni í Færeyjum. Eftir handaupréttingar var ákveðið að fara á ballið um kvöldið. Við vorum sem sagt ekki ein í veröldinni. Í Færeyjum var þá geðdeild líka . . . Gólfíð fylltist skyndilega af

eldheitum Færeyingum sem sveifluðu konunum stafna á milli . . . Þegar þangað kom vorum við óratíma að leita að einhverju Tívolí þar, sem búð var að auglýsa. Loks fundum við fáein tjöld . . . Loks birtist víghreifur færeyskur víkingur, glaðlegur og sterklegur með skegg. Þetta var skipsstjórinn . . . Þegar til hafnar var komið á ný útbjó hinn færeyski víkingur handa okkur kaffi og sagði okkur færeyskan brandara sem átti að ske á Íslandi . . . Hinn fimmti dagur var hafinn og veðrið var ennþá gott. Öllum virtist líða vel og skemmta sér hið besta. Við fórum niður í bæ og ráfuðum um tíma um miðbæ Þórshafnar. Seinna um daginn ætluðum við síðan í ferð með einskonar aldamótaskipi, gömlu þilfarskipi með seglum sem hét Norðurlýsið . . .

Í tollskoðuninni spurði maður í útlendingaeftirlitinu mig á ensku, hvaðan ég væri en ég benti honum vinsamlegast á það. Á leiðinni virti ég fyrir mér náttúru landsins



Fararstjórnarnir í færeyskum tískufatnaði. Borghild Edwald, Anna Valdemarsdóttir og Anna Guðrún Arnardóttir.

og hafði mér aldrei þótt hún fegurri en einmitt nú. Komin var dálítil þreyta í mannskapinn og höfðu sumir allt á hornum sér. Ég nefni engin nöfn . . . Það er víst óhætt að fullyrða að það var feginn mannskapur sem kom í bæinn um kvöldið. Langt ferðalag var að baki og nú tók aðeins við hvíldin heima.

Eftir árangursríkt samstarf við fjáröflun vöknudu til lífsins gamlir draumar um verndaðan vinnustað. Fjáröflunin fólst í því að þeir sem höfðu áhuga stóðu fyrir dansiballi á Kleppi, fatamarkaði og kaffisölu með ýmsum uppákomum og útimarkaði. Það kom okkur á óvart og þeim sjálfum líka hversu sjálfstæð og framtakssöm þau voru. Ólíkt því sem gerist dags daglega þá var þarna ákveðið markmið til að stefna að og það gerir gæfumuninn.

Draumurinn er kaffihús sem stendur fyrir ferðalögum fyrir geðsjúkra með svipuðu

sniði og til er á Norðurlöndunum. Okkur finnst mikilvægt að okkar skjólstæðingar, þ.e. geðsjúkir verði sýnilegri í samfélaginu og að tengsl þeirra við umheiminn aukist. Við sjáum fyrir okkur kaffihús niðri í miðbæ þar sem boðið yrði upp á súpu í hádeginu og e-ð heimabakað eftir hádeggi. Við hugsum okkur að þetta yrði lifandi staður með myndlistarsýningum og ýmsum uppákomum og jafnvel að boðið yrði upp á barnapössum fyrir fólk sem er að útrétta í miðbænum. Til að auka tengslin við það sem er „eðlilegt“ teljum við æskilegt að starfshópurinn sé blandaður, þ.a. hluti hans séu geðsjúkir einstaklingar og að hluta til sér boðið upp á starfsþjálfun fyrir atvinnulausa.

Við erum staðráðnar í að láta þennan draum rætast en auðvitað tekur það sinn tíma. Næst á dagskrá er bara að fá styrktar/samstarfsaðila og fjármagn til rekstursins. Öll góð ráð eru vel þegin.

Elsa S. Þorvaldsdóttir iðjupjálfi

Iðjupjálfun í Hafnarfirði



Vorið 1995 skrifaði ég bæjarráði Hafnarfjarðar bréf, þar sem ég benti á vöntun á iðjupjálfum hjá bænum, og sóttist eftir því að fá stöðu sem iðjupjálfi.

Hugmyndin var að vinna einungis með börn og tengjast leikskólum og skólum. Vinna þá við ráðgjöf eða þjálfun. Ég hafði þá hugsað mér þjálfunarstöðu annað hvort í leikskólanum, sem er minnst röskun fyrir barnið, eða leigja aðstöðu hjá Sjúkraþjálfanum hf. í Hafnarfirði, þar sem mikið af börnum er í meðferð.

Ég fékk jákvæðar undirterktir en þau svör að peningar væru ekki fyrir hendi til þess að fjármagna þessa stöðu. Síðla sumars sé ég auglýsingu frá leikskólanum Víðivöllum þar sem óskað er eftir þroskajálfa eða öðru uppeldismenntuðu starfsfólki til að vinna sem „stuðningur“ við börn sem þess þurfa með. Ég hugsaði með mér að þarna væri tækifæri til þess að kynna sig í kerfinu og

eiga þá léttara með að pressa á að staða fyrir iðjupjálfa fengist. Ég byrjaði síðan að vinna sem „stuðningur“ á Víðivöllum um haustið. Því miður fékk ég ekki fagheiti mitt viðurkennt og er þarna á þroskajálfalaunum.

Á deildinni minni er 24 börn, þrjú með stuðning og einn „ógreindur“ sem ég vonast til að fái stuðning sem fyrst. Við erum tvær sem vinnum sem „stuðningur“ á þessari deild. Hin er þroskajálfi að mennt og vinnur á móti mér eftir hádegi. Ég hef ábyrgð á tveimur börnum og hún á tveimur. Starfið er feikilega skemmtilegt og gaman að sjá hversu börnin eru misjöfn.

Þegar ég byrjaði að vinna tók ég fín-hreyfimat á fjórum börnum (hef gert það við fleiri ef okkur sem þarna vinnum, hefur fundist þörf á), og gerði klíniskar athuganir. Gerði svo smá greinargerð um hvert og eitt og út frá því minnispunkta um það, sem þurfti að vinna með næstu mánuði. Í foreldraviðtölum voru foreldrarnir upplýstir um það sem var verið að vinna með og fengu eintak af „plagginu“ með áherslu-punktum.

Ég fylgi börnunum í dagskipulagi leikskólans og tek þau svo út úr í einkatíma eða í litla hópa (tveir í hóp), allt háð því hvað verið er að vinna með hverju sinni. Eins stjórna ég leikfimiþóp tvisvar sinnum í viku. Börn sem eru með stuðning fá leikfimi 2 til 3 sinnum í viku. Eins reyni ég að nota úti-svæðið á markvissan hátt til að örva og

virka börnin í leik og starfi. Það kom mér á óvart að sjá hve sum þessara barna eru óvirk á útsvæði, fara til dæmis beint í sandkassann og sitja þar allan útitímann; enginn gerir neitt. Eins ráfa sum um svæðið og tengjast engum. Áberandi er hvað börn sem ekki eru sterk félagslega eiga erfitt uppdráttar í leikskólahópnum, hreinlega valtað yfir þau. Þarna tel ég mjög mikilvægt að grípa strax inn í og hjálpa þessum börnum. Það sem okkur vantar helst í leikskólann eru herbergi sem hægt er að nota til að þjálf litla hópa. Vöntun á iðjupjálfum er áberandi, þar sem ég tel mikilvægt að búið sé að vinna með þessi börn áður en þau fara í skóla.

Í janúar gerðust þau gleðitíðindi að ég fékk 10% stöðu sem iðjupjálfi hjá bænum og ég hef þá trú „að margt smátt geri eitt stórt“. Ég vinn nú með eitt barn á öðrum leikskóla og fer þangað tvisvar sinnum í viku og býst

við að hann verði hjá mér út apríl, í fjóra mánuði. Svo hef ég samband aftur í haust og heyri hvernig gengur. En nú þegar er hópur af börnum sem bíður eftir að komast í þjálfun, og foreldrar sem krefjast þess að þeirra börn fái svipaða þjónustu. Þannig að pressan er mikil á bæjarráðið og á ég von á að úr þessu rætist innan tíðar. Ég tel það mikinn kost ef barn getur fengið þjálfun sem að raskar sem minnst daglegu lífi þess og foreldranna og tel mig á réttri leið.

Í þessu brótti mínu í Hafnarfirði hef ég einungis hitt jákvætt fólk sem styður mig heilshugar og er óneitanlega gott að vinna við slíkar kringumstæður.

Elsa Þorvaldsdóttir útskrifaðist sem iðjupjálfi úr háskóla í Brándaheimi í Noregi 1986.

Nýtt merki Iðjupjálfafélagsins



Í tilefni 20 ára afmælis Iðjupjálfafélags Íslands var ákveðið að láta hanna merki félagsins.

Hugmyndin að baki merkinu er sú að höndin tákni iðjupjálfaðann sem styður skjólstæðinginn og er blómið ímynd skjólstæðingsins. Blómið þarfnast stuðnings en reisir sig upp með aðstoð handarinnar. Liturinn á stilknum er hinn græðandi litur en sá fjólublái er litur gæfu og gengis.

Samhliða hönnun merkisins var skammstöfun félagsins breytt í IPÍ.

Búið er að útbúa boli með merki félagsins og kostar hver bolur 1000 krónur.

Með sumarkveðjum, fyrir hönd Iðjupjálfafélags Íslands,

Katla Kristvinsdóttir, Elsa Ingimarsdóttir, Guðrún Kr. Guðfinnsdóttir

Snæfríður Þóra Egilson

Notkun ferlihjálpartækja með ungum fötluðum börnum



Grein þessi byggir að hluta á bók-arkafla um ferlimál sem undirrituð vann ásamt Christine Wright-Ott iðjubjálfa við Rehabili-

tation Engineering Center, Lucille Packard barnaspítalanum við Stanford í Kaliforníu. Kaflann er að finna í bókinni „Occupational Therapy for Children“ sem kom út fyrr á þessu ári hjá Mosby forlaginu í Bandaríkjunum.

Proskakenningar


Það er viðurkennt að hreyfiþroski og aðrir þroskaþættir eru nátengdir og að reynsla barna og upplifun í frumbersku hefur áhrif á hegðan þeirra og þroskamöguleika.

Fyrstu fjögur ár lífsins gerist óhemju mik-

ið í lífi barna er þau þróast frá því að vera ósjálfbjarga ungabörn upp í tiltölulega sjálfbjarga einstaklinga. Barnið lærir að fara um sjálft og að nota hendur sínar til að skynja og handfjatla hluti í umhverfinu. Það nær stjórn á hægðum og þvagi, skilningi og málþroska fleygir fram og tengsl og samskipti við aðra verða sífellt fjölbreyttari. Aukin hreyfifærni gerir barninu kleift að tileinka sér reynslu af ýmsu tagi, og þar með tilfinningu fyrir sjálfstæði og eigin færni. Og eftir því sem málþroski og stjórn á talmáli eykst, aukast jafnframt möguleikar á félagslegum samskiptum.

Piaget (1954) gerði mikið úr mikilvægi samhæfingu hreyfinga við sjón og heyrn og því hvernig eigin reynsla og upplifun ýta undir og fóstara forvitni, stuðla að því að barnið finni ólíkar leiðir að settu marki og tengi saman markmið og leiðir. Um leið vex því ásmegin og það öðlast vissu um eigin getu og ágæti. Allt eru þetta mikilvægir þættir fyrir almennan þroska.

Þrátt fyrir að fagmenn séu sammála um mikilvægi hreyfinga við að tileinka sér reynslu hafa í raun ekki verið gerðar margar



rannsóknir á þeim þroskapáttum sem rekja má beint til þess að komast um sjálfur. Með rannsóknum sínum leiddu þeir Campos og Bertenthal (1984, 1987) þó í ljós bein tengsl þess að komast um sjálfur við ýmsa þætti sjónúrvinnslu, svo sem sjónrýmdarskynjun og lofthræðslu.

Afleiðingar hreyfihömlunar á aðra þroskapætti

Þegar einhverjir þættir þroskast ekki eðlilega, er hætt við að það hafi viðtæk áhrif á aðra. (Butler, 1986) Ung fötluð börn fara iðulega á mis við það að komast um sjálf og framkvæma hluti upp á eigin spýtur. Mörg þeirra eru öðrum háð um nær allar daglegar athafnir og hafa takmarkaða möguleika á því að taka þátt í því sem fram fer í kringum þau. Það má því segja að þarna verði til viðbótarfötlun. Fatlaða barnið hefur sjaldan frumkvæði í samskiptum né öðrum athöfnum. Það er viðtakandi en ekki frumkvöðull, óvirkt en ekki virkt. Þetta hefur einnig áhrif á samskipti barnsins við aðstandendur og

væntingar annarra í þess garð. Lýst hefur verið sljóleika hjá mörgum fötluðum börnum, sérstaklega skorti á frumkvæði og forvitni. Talið er að þetta eigi meðal annars rætur sínar að rekja til þess að þau hafa takmarkaða möguleika á að hafa áhrif.

Brinker and Lewis (1982) töldu að hér væri iðulega á ferðinni áunnið hjálparleysi og staðhæfðu að „fötluð börn skorti oft áhugann á þessum heimi sem þau reikna ekki með að geta haft nein áhrif á“ (bls. 113).

Hugtakið áunnið hjálparleysi kemur úr félagssálafræði og lýsir hegðunarmynstri sem á sér stað þegar einstaklingur stendur frammi fyrir óleysanlegum vandamálum. Hann upplifir vonleysi og uppgjöf, þar eð ekkert sem hann gerir virðist skipta máli, svo hvers vegna að reyna! Oft er þetta ómeðvitað, vegna þess að viðkomandi einstaklingur eða hið fatlaða barn í þessu tilviki hefur sjaldan upplifað að það geti haft áhrif eða komið einhverju til leiðar. Öfugt við þá sem fatlast seinna á lífsleiðinni, þá skynja börn sem eru mikið hreyfi- og málhömluð


frá unga aldri oft t.d. ekki mikilvægi þess að geta gert sig skiljanleg. Þau hafa alist upp við að vera öðrum háð um alla hluti og þetta verður einskonar viðbótarfötlun við upprunalegt ástand.

Fagfólk, kennarar og þjálfarar á Blair stofnuninni í Kaliforníu gerðu árið 1983 rannsókn á hreyfihömluðum börnum er þar dvöldu. Þeir staðhæfðu að börn sem komast um sjálf væri mun fúsari til að velja á milli í náminu, gera kröfur og reyna að hafa áhrif, heldur en þau sem ekki kæmust um. Þarna var um að ræða börn með svipaða fötlun, en ýmist var alvarleiki fötlunarinnar misjafn eða þá aðgengi að hjálpartækjum. Fagmennirnir ályktuðu sem svo að misræmið sem þarna kom fram mætti m.a. rekja til þess að mikið hreyfihömluð börn skorti oft möguleika á því að æfa ákvarðanatöku.

Í dag höfum við ýmsar aðferðir til að sporna við þessari þróun. Þrátt fyrir að við breytum sjaldnast grunnástandi fötlunar, þá getum við oft haft áhrif á möguleika skjólstaðinga okkar til að nýta til fullnustu það sem í þeim býr. Fatlaða barnið þarf að læra að það geti haft áhrif. Það þarf að þróa með sér atorku og metnað. Það þarf að læra að læra. Og þetta ferli þarf að byrja snemma, því fyrr því betra. Ferli hjálpartæki fyrir ung fötluð börn geta skipt miklu í þessu sambandi, séu þau notuð á réttan hátt til að örva börnin til dáða. Rofaleikföng, tölvur og ýmis tæki til tjáskipta skipta einnig miklu.

Notkun ferli hjálpartækja með ungum fötluðum börnum

Ferli hjálpartæki köllum við öll hjálpartæki sem auðvelda fötluðum að fara um. Þau skiptast í göngugrindur af ýmsum toga, magabretti, hjól, hjólastóla og rafknúin tæki, svo sem rafmagnshjólastóla. Við val á



ferlihjálpataekjum fyrir ung fötluð börn eru strax nokkrar spurningar sem vakna, svo sem: *Hvort* hið fatlaða barn eigi að fá ferlihjálpartæki, *hvaða* tæki og *hvenær* (Wright-Ott og Egilson, 1996).

Það er ekki alltaf einfalt að svara spurningunni *hvort fatlað barn eigi að fá ferlihjálpartæki* og stundum skortir á einingu um þessi mál meðal fagmanna. Þetta á sérstaklega við um notkun göngugrinda og rafknúinna hjálpartækja. Og vissulega er að mörgu að gæta.

Ef göngugrind hentar barni ekki nægilega vel, þá er hætt við að það noti óæskilegar hreyfingar til að knýja hana áfram. Slíkt er gagnstætt meðferðarsjónarmiðum og getur í vissum tilvikum seinkað eða dregið úr hreyfiproska og þar með framtíðarmöguleikum. Í dag eru reyndar flestar göngugrindur með fjölbreytta stillimöguleika og bjóða upp á betri stöðu en á árum áður. Notkun ferlihjálpartækja getur sannanlega ýtt undir aðra þroskaþætti hjá ungum hreyfihömluðum börnum, s.s. sálfélagslega færni, málproska og möguleika á samskiptum. Rannsóknir Paulsson (1984) og annarra staðfesta engan veginn að notkun rafknúinna hjálpartækja komi í veg fyrir eða seinki hreyfifærni. Niðurstöður sýna, þvert á móti, oft aukna höfuðstjórn og meiri stöðugleika í bol. Einnig sýna mörg börn aukinn áhuga á líkamlegri þjálfun, sem og aukið þor og sjálfstraust í hreyfingum.

– *Hvenær ættu fötluð börn að byrja að nota ferlihjálpartæki?*

Í dag er tilhneiging til að byrja fyrr en áður var gert, þ.e. á sama aldursbili og þegar ófötluð börn byrja að fara um. Ýmsir fræðimenn álíta að ef fötluð börn komast ekkert um sjálf, þá eigi að huga að hjálpartækjum þegar á öðru aldursári. Með rannsóknum á þessu sviði hefur Butler (1988)

sýnt fram á að 17 mánaða börn geta komist um örugglega í rafknúnum hjálpartækjum.

Það er stundum erfitt fyrir þjálfara og lækna að mæla með notkun ferlihjálpartækja, sérstaklega hjólastóla, fyrir ung fötluð börn. Foreldrar kunna að taka þessu sem uppgjöf og vísbendingu um að barnið muni aldrei geta farið um sjálft. Það sem ber þó að hafa að leiðarljósi er að öll börn hafa þörf fyrir að fara um sjálf og tilgangurinn með tækinu er að auka sjálfstæði og færni barnsins þangað til og hvort sem það nær að fara um sjálft síðar meir eða ekki.

– *Hvaða tæki ber að velja?*

Það er margt sem ber að athuga við val á ferlihjálpartækjum fyrir ung fötluð börn. Tilganginn með notkun tækisins ræður að sjálfsgöðu miklu, en einnig þarf að huga vel að líkamlegri og sálfélagsleg færni barnsins og takmörkunum. Umhverfið þar sem nota á tækið skiptir miklu. Það ber að vega og meta kosti og galla tækisins miðað við fyrirhugaða notkun, hvernig notkun þess samræmist meðferðarsjónarmiðum og lokum að athuga hvað tækið kostar í peningum miðað við það sem við fáum í aðra hönd.


Þar sem ólík tæki gefa ólíka möguleika er oft þörf fyrir fleiri en eitt ferlihjálpartæki. Hvað sem verður fyrir valinu, í öllum tilvikum er þörf á góðri skipulagningu og náinni samvinnu milli þeirra fagaðila sem með barnið vinna og fjölskyldu þess.

Flokkun fatlana og áhrif þessa á val á ferlihjálpartækjum

Við val á hjálpartækjum hér á landi hafa hagkvæmnissjónarmið gjarnan verið ríkjandi, en minna verið hugað að þroskasjónarmiðum. Hér er þó til staðar mikil klínísk reynsla og því ætti að vera auðvelt að huga

vel að ferli og sérstöðu ákveðinna tegunda fatlana. Hays (1987) kannaði notkun rafknúinna hjálpartækja með ungum fótluðum börnum. Hann skipti þeim í fjóra klíniska hópa og hafði annars vegar notagildið eitt og hagkvæmnisjónarmið að leiðarljósi og hins vegar þroskasjónarmið.

1. Börn sem munu aldrei fara um sjálf. Í þessum flokki eru börn með heilalömun með vítækri hreyfihömlun og tauga- og vöðvasjúkdóma, s.s. SMA gerð I og II. Þessi börn hafa enga möguleika á því að komast um sjálf nema með aðstoð hjálpartækja og oft er rafmagnshjólástóll eini kosturinn.
2. Börn sem fara að hluta til um sjálf, en skortir bæði á hraða, sem og þol og úthald. Hér höfum við aftur börn með heilalömun, en vægari hreyfihömlun og börn með klofinn hrygg þar sem skaðinn liggur ofarlega, þannig að auk lömunar í neðri útlimum skortir á styrk og stöðugleika í bol og handleggjum. Hér getur rafmagnshjólástóll boðið upp á meiri hraða og fjölbreytni við að fara um.
3. Börn sem hafa misst niður hæfni til að komast um sjálf, t.d. í kjölfar slysa. Einnig börn með hrörnunarsjúkdóma, t.d. vöðva- og taugasjúkdóma. Þroskasjónarmiðið er ekki eins afgerandi hjá þessum hópi og hinum tveimur fyrrnefndu, en mörgum veitist hins vegar erfitt að sætta sig við ástand sitt og að taka við nýjum hjálpartækjum eftir því sem færni dvínar.
4. Börn sem tímabundið þurfa á ferli hjálpartækjum að halda og oft ná með tímanum þokkalegri færni við að komast um sjálf. Í þessum hópi eru mörg börn með Osteogenesis Imperfecta og Arthrogryposis. Hér eru bæði hagkvæmnis- og þroskasjónarmið ríkjandi.



Það er ljóst að ekki geta öll börn náð fullu sjálfstæði í því að komast um sjálf, en mörg þeirra geta nýtt ferli hjálpartæki til að læra og tileinka sér reynslu, kanna umhverfið og upplifa að þau geta sitt af hverju. Auk þess veitir notkun ferli hjálpartækja oft aukna lífsfyllingu í annars stundum tilbreytingarsnautt líf.

Tilgangur með notkun hjálpartækja

Að lokum langar mig að skírskota til þess sem á sér stað í vinnu með óhefðbundnar tjáskiptaleiðir, það sem kallast alternative & augmentative communication á ensku.

Oft er byrjað mjög snemma með markvissa málörvun og táknanotkun. Öll börn sem fæðast með Down's heilkenni hér á landi fá t.d. örvun á þessu sviði og aðstandendur fá leiðbeiningar um hvernig nýta

megi tákni til að örva börnin til dáða. Reynslan segir okkur að mörg þessara barna muni aldrei ná góðum tókum á töluðu máli. Við bíðum ekki eftir því að það komi í ljós hver standi sig vel og hver síður, heldur hefjum við markvissa örvun strax á fyrsta aldursári.

Þegar við hittum fyrir börn með alvarlega hreyfihömlun þekkjum við á sama hátt oft ferlið og framgang mála, líkt og fram kemur í flokkun Hays hér að ofan. Sum barnanna læra að ganga seint um síðir, önnur ekki. En höfum við efni á því að bíða eftir því að reynslan leiði slíkt í ljós? Og hverju töpum við á þeirri bið?

Tilgangur með notkun hjálpartækja hefur gjarnan verið skilgreindur á þennan veg:

1. að auka færni
2. að viðhalda færni
3. að fyrirbyggja frekari fötlun

Ég tel rétt að bæta við fjórða liðnum, en hann hljóðar svo:

4. að ýta undir alhliða þroska og fyrirbyggja áunnið hjálparleysi.

Heimildaskrá:

- Bertenthal B.I., Campos J.J., and Barrett K.C. (1984). Self-produced locomotion: an organizer of emotional, cognitive, and social development in infancy. Í R.N. Emde og R.J. Harmon (ritstj.): *Continuities and Discontinuities in Development*. New York, Plenum Press.
- Brinker, R.P. & Lewis, M. (1982). Making the world work with microcomputers: a learning prosthesis for handicapped infants. *Exceptional Children*, 49, 163-170.
- Butler, C. (1986). Effects of powered mobility on self-initiated behaviors of very young children with locomotor disability. *Developmental Medicine & Child Neurology*, 28, 325-332.
- Butler, C. (1988). Powered tots: Augmentative mobility for locomotor disabled youngsters. *American*

Physical Therapy Association Pediatric Publication. 14, 472-474.

- Campos J. J. og Bertenthal B. I. (1987). Locomotion and psychological development in infancy. Í K.M. Jaffe (ritstj.): *Childhood powered mobility: Developmental, technical, and clinical perspectives. Proceedings of the RESNA First Northwest Regional Conference* (bls.11-42). Washington DC: RESNA Press.
- Hays, R. (1987). Childhood motor impairments: clinical overview and scope of the problem. Í K.M. Jaffe (ritstj.): *Childhood powered mobility: Developmental, technical, and clinical perspectives. Proceedings of the RESNA First Northwest Regional Conference* (bls. ???). Washington DC: RESNA Press.
- Piaget, J. (1954). *The construction of reality in the child*. New York: Basic Books.
- Paulsson, K. og Christoffersen, M (1984). Psychological aspects of technical aids: how does independent mobility affect the psychological and intellectual development of children with physical disabilities. *Proceedings of the Second Annual Conference on Rehabilitation Engineering* (bls.282-286). Washington, DC RESNA Press
- Treffler, E., Hobson, D., Taylor, S., Monahan, L., & Shaw, C. (1993). *Seating and mobility*. Tucson: Therapy Skill Builders.
- Wright-Ott, C. & Egilson, S. P. (1996). *Mobility*. Í J. Case-Smith, A.S. Allen & P.N Pratt (ritstj.) *Occupational Therapy for children* (bls. 562-580). St. Louis: Mosby.

Snæfríður Þóra Egilson er yfiriðjuþjálfari á

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Hún stundaði nám við Iðjuþjálfaskólann í Osló 1978-1981.


Hún lauk mastersprófi í faginu frá San Jose University árið 1994.



Rúm þetta er hærra en venjulegt rúm svo betra sé að standa upp úr því. Það hefur tvær hæðarstillingar, 52 sm og 58 sm. Hægt er að setja ýmis hjálpartæki við rúmið, t. d. lyftu, handfang, hliðargrind, og gálga.

Viðartegundir: eik, beyki og maghony.

Í rúm þetta er hægt að velja Aupingbotn eða undirdýnu og ýmsar aðrar gerðir af dýnum, t. d. springdýnu, svampdýnu, Latex dýnu eða Pocket dýnu.



Auping er hannaður fyrir þig!

Auping, Hollenski rúmbotninn er einhver fullkomnasti rúmbotninn á markaðinum í dag.

Auping rúmbotninn er byggður upp á sérofnu neti sem lagar sig að líkamanum.

Auping botninn er loftdrifinn og með einu handtaki er hægt að stilla höfðalagið á meðan legið er í rúminu. Hægt er að hækka botninn til höfða og einnig til fóta.

Auping botninn má einnig fá rafdrifinn.

Auping botnar eru fáanlegir í öll rúm frá Ingvari og Gylfa og flest önnur rúm.

Auping rúmbotnar hafa verið hér á markaðinum í tæp 20 ár og hafa reynst Íslendingum mjög vel.

Einkaumboð á Íslandi:

Ingvar og Gylfi hf.

Grensásvegi 3 • Sími 568 1144 • Fax 567 8144

Björk Pálsdóttir iðjubjálfi

Af erlendu samstarfi



Ég ætla lítillega að kynna það erlenda samstarf sem ég hef tekið þátt í vegna starfs míns sem iðjubjálfi hjá Trygginga- stofnun rík-

isins (TR) s.l. 10 ár. Ég var ráðin í hlutastarf hjá TR 1. apríl 1986 til að byggja upp hjálpartækjapjónustu stofnunarinnar, með það í huga að bæta þjónustuna og að endurnýta hjálpartæki svo að draga mætti úr kostnaði. Í ársbyrjun 1988 var ég fastráðin í fullt starf hjá TR.

Strax í upphafi starfs míns hjá TR þurfti ég að kynna mér hvernig staðið er að hjálpartækjamálum í hinum norrænu löndunum. Mér var alls staðar tekið mjög vel, en löng og góð hefð er fyrir norræna samvinnu á sviði hjálpartækja. Allir voru ánægðir að fá fulltrúa frá Íslandi í þennan geira og mörg tengsl mynduðust strax í upphafi. Fljótlega varð þetta meira og meira og ekki vanþörf á

fyrir okkur hér heima í uppbyggingunni varðandi hjálpartækjasviðið, að læra af nágrannapjóðum okkar. Miklum fjármunum er veitt í þennan málaflokk á vegum TR (um 550 milljónir á ári) og því mikilvægt að læra af nágrannapjóðum hvernig best er að hafa þessa starfsemi hér heima. Aðallega voru tengslin í byrjun við Danmörku, Noreg og Svíþjóð, en uppbyggingin í Finnlandi er þó nokkuð öðru vísi en í hinum löndunum. Fjölmargir fundir/ráðstefnur stærri sem minni, almennir og sérhæfðir hafa gefið ómælda aðstoð við uppbygginguna hér heima og er stöðug enn, því alltaf erum við að fara inn á ný svið sem nágrannapjóðirnar hafa árareynslu af. Má þar nefnda síðast upplýsingafundir varðandi útboð á hjálpartækjum, en við erum nýlega byrjuð með útboð á hjálpartækjum hér á landi.

Ávinningur af þessu erlenda samstarfi gerir okkur kleift að fylgjast með hvað er að gerast í kringum okkur, hvaða kröfur eru gerðar og sparar okkur vinnu við að finna upp hjólið á ný. Við sækjum styrk og þekkingu sem kemur til góða í hagræðingu og tryggingu að sem besta kerfi, m.t.t. þjónustu og gæða. Tengslin tryggja og auðvelda okkur að leita til nágrannapjóða eftir hvers konar upplýsingum.

Uppbygging hjálpartækjamiðstöðvar TR hefur verið mjög skemmtilegt og gefandi

starf, og er það ekki síst að þakka góð og ánægjuleg samskipti og samstarf við norræna nágranna okkar á sviði hjálpartækjamála.

Það er augljóst að ekki er hægt að taka þátt í öllu starfi á Norðurlöndum og í Evrópu á hjálpartækjasviði, en það hefur verið reynt að velja/tengjast ákveðnum nefndum og vinnuhópum sem talið er að veiti okkur hentugustu upplýsingarnar og þekkinguna.

Ég vil nefna nokkrar nefndir og verkefni í erlendu samstarfi sem ég hef tekið þátt í, er þátttakandi í eða tengist að einhverju leyti.

Norræna nefndin um málefni fatlaðra (NNH) og norræna menntastofnunin fyrir starfsfólk sem vinnur með daufblindum (NUD)

- **Stjórn NNH og NUD:** Árið 1989 varð ég tilnefnd af Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu sem varamaður í stjórn NNH og NUD og aðalmaður frá 1994. Tveir fulltrúar eru frá hverju landi í stjórn NNH og NUD. Hinn fulltrúinn er Ásta B. Þorsteinsdóttir, fulltrúi Landssamtaka þroskahjálpar, en hún er tilnefnd af Félagsmálaráðuneytinu. Tilnefning er til þriggja ára í senn. NNH er samstarfs- og fagstofnun um málefni fatlaðra og ber ábyrgð á stefnumótun og samhæfingu í þeim málefnum og tryggir réttindi fatlaðra í samfélaginu. NNH skrifstofan er í Stokkhólmi og NUD er á Norður-Jótlandi í Danmörku. NNH hefur m.a. unnið mikið á sviði hjálpartækja, ferli- og aðgengismálum, jafnrétti og aðlögun fatlaðra (samfélag fyrir alla) og smáhópa fatlaðra. NNH hefur verið frumkvöðull að ýmsum verkefnum innan hjálpartækjasviðsins, og

ekki síst stuðlað að samstarfi hjálpartækjastofnananna á Norðurlöndunum. Aukin áhersla er lögð á Evrópu- og alþjóðasamstarf vegna aukins samstarfs innan Evrópu. Tilgangurinn er að tryggja norrænar viðmiðunarreglur sem náðst hafa á Norðurlöndum innan þessa mála-flokks.

- **Ráðstefnur.** Á hverju ári eru norrænar ráðstefnur á vegum NNH. Þátttaka í undirbúningi þessara ráðstefna og tilstuðlan að þátttöku íslendinga í þeim verkefnum sem NNH vinnur að gefur gott vegarnesti og innsýn í þá fjölmörgu þætti sem þetta svið, málefni fatlaðra, spannar bæði hér heima og erlendis.
- **Vinnunefndir NNH.** Í dag eru 6 fastar vinnunefndir á vegum NNH, allar með þátttöku íslendinga: Vinnunefndirnar og íslensku fulltrúar nefndanna eru: aðgengimál (Ólöf Ríkarðsdóttir, Öryrkjabandalagi Íslands (ÖBÍ)), flokkunarkerfi hjálpartækja (Björk Pálsdóttir, Hjálpartækjamiðstöð TR), heyrnarhjálparkæki (Birgir Ás Guðmundsson, Heyrnar- og talmeinaðstöð Íslands), fjarskiptatækni fyrir fatlaða (Gylfi Már Jónsson, Pósti og síma), upplýsinga- og tjáskiptatækni fyrir fatlaða (Katrí Kristvinsdóttir, Hjálpartækjamiðstöð TR) og styrkjanefnd til norrænnar samvinnu félaga fatlaðra (Hafdís Hannesdóttir, ÖBÍ).
- **NUH.** Dótturstofnun NNH, Nordisk udviklingscenter for handikaphjælpemidler (NUH), sem er í Finnlandi, veitir styrki til samnorrænna verkefna á sviði ný þróunar á hjálpartækjum og miðlar upplýsingum á sviðinu. Frá september 1994 hef ég verið fulltrúi Íslands í stjórn NUH, en í stjórn sitja yfirmenn hjálpartækjastofnana Norðurlanda svo og framkvæmdastjóri NNH og fulltrúi frá nor-

rænnu heildarsamtökum fatlaðra. Fjöl-mörg norræn verkefni hafa fengið styrki frá NUH en íslendingar hafa tengst fimm verkefnum sem NUH hefur styrkt/styrkir og þar af eru íslendingar leiðandi í tveimur. Hjálpartækjamiðstöð TR hefur tengst/tengist fjórum af þessum verkefnum. Þau eru: Nordlysþæklingurinn 1993 (saman-tekta af hugbúnaði fyrir þá sem ekki hafa náð lestrar- og skrifarfærni), NORDana-LYS handbók fyrir fagaðila 1995 (úttekt á hugbúnaðinum í Nordlysþæklingnum svo og aðferðafræði hvernig þjálfar megi færni til lesturs, skriftar og boðskipta með notkun þessa hugbúnaðar), Tantaculus 1993 (tengibox við tölvur fyrir rofa og umhverfisstjórnunarbúnað) og Tjáriti 1996 (nýtt tjáskiptahjálpartæki fyrir málhamlaða og heyrnarskerta sem Hugfang hf. er að þróa. Jet-Pro í Noregi/Íslandi, Tölvumiðstöð fatlaðra og Samskiptastöð heyrn-arlausra eru einnig samstarfsaðilar). Fimmta verkefnið er BlissGrammer 1993 (tengiforrit milli blissþæklinga og talgervils), verkefni Jóns Hjaltalíns Magnússonar.

- **Skólaráð NUD.** Anna Soffía Óskarsdóttir, þjálfunarskóla ríkisins er fulltrúi Íslands í skólaráði NUD.
- **Endurskoðun norrænnar samvinnu.** Norræn samvinna er almennt í mikilli endurskoðun nú og gera má ráð fyrir breytingun á störfum þessara nefnda í nánustu framtíð.

Samstarf hjálpartækjastofnana Norðurlanda

- Frá 1994 hef ég sótt fundi yfirmanna hjálpartækjastofnana á Norðurlöndum, en auk þeirra sitja fundina framkvæmdastjórnar NNH og NUH. Hjálpartækjastofnanirnar eru Hjálpmiddelinstitutet í Danmörku,

Handikappinstitutet í Svíþjóð, Rikstrygdesverket (og Sintef-Rehab) í Noregi, Stakes í Finnlandi og Hjálpartækjamiðstöð Tryggingastofnunar ríkisins á Íslandi. Mikið samstarf er á milli þessara stofnana, m.a. með tilliti til prófana á hjálpartækjum, upplýsingamiðlunar, útboðsvinnu á hjálpartækjum og fleira. Stofnanirnar í Danmörku, Noregi og Svíþjóð eru sérstaklega virkar í því stöðlunarstarfi sem fram fer í CEN og ISO á sviði hjálpartækja. Hjálpartækjamiðstöðin tekur nú þátt í sérstöku verkefni á vegum hjálpartækjastofnanna varðandi gerð kröfúlýsingar á fjarstýribúnaði, sem taka þarf tillit til við prófun slíks búnaðar.

Helios II

- Félagsmálaráðuneytið á Íslandi tengdist Helios II verkefninu, með fullri aðild 1. janúar 1996. Helios II er samstarfsverkefni Evrópuþjóða um málefni fatlaðra. Ísland tengdist þessum verkefnum á tímabilinu 1994–1996. Það eru 8 verkefni á vegum Helios II, sem Íslendingar tengjast. Verkefnin auk forsvarsmanna eru: ráðgjafanefnd (Margrét Margeirsdóttir, deildarstjóri í Félagsmálaráðuneytinu), umræðuhópur samtaka fatlaðra (Helgi Hróðmarsson, starfsmaður samvinnunefndar þroskahjálpar og Örykjabandalagsins), Handynet-tölvukerfið um hjálpartæki (Björk Pálsdóttir, forstöðumaður hjálpartækjamiðstöðvar TR), atvinnumál og starfshæfing (Guðrún Hannesdóttir, forstöðumaður Starfsþjálfunar fatlaðra), blöndun fatlaðra í almenna skóla (Kolbrún Gunnarsdóttir, deildarstjóri í Menntamálaráðuneytinu), félagsleg aðlögun og íþróttir (Ólafur Jensson, formaður Íþróttasambands fatlaðra og Anna Karólína Vilhjálmisdóttir, framkvæmdastjóri

íþrótt- og útbreiðslusviðs Íþróttasambands fatlaðra), aðgengi (Sigurður Björnsson, Landssamtökum Sjálfsbjargar) og samgöngumál (? íslenskur fulltrúi). Þessi hópur hittist reglulega hér heima undir stjórn Margrétar Margeirsdóttur, deildarstjóra í Félagsmálaráðuneytinu. Helios II samstarfsverkefnið er til lok árs 1996 og allt er enn óljóst um framtíð verkefnisins.

- **Fræðsludagur um Helios.** Þann 7. febrúar 1996 var haldinn fræðsludagur hér á Íslandi um Helios II verkefnið og komu þá til landsins tveir fulltrúar frá Helios skrifstofunni í Brussel, framkvæmdastjóri Helios II og framkvæmdastjóri sérfræðingahóps Helios II. Var fræðsludagurinn vel sóttur af um 140 manns og þar af mátti sjá nokkra félagsmenn ÍÍ.
- **Handynet.** Hjálpartækjamiðstöð TR er miðstöð Íslands er tengist evrópska Handynet upplýsingatölvukerfinu um hjálpartæki, en hjálpartækjamiðstöðin tengdist því starfi 1995. Það eru 18 lönd í Evrópu sem tengist Handynet. Þarna er

að finna upplýsingar á geisladiski um hjálpartæki framleidd í Evrópu, framleiðendur og dreifingaraðila, þjónustu í löndunum og hvaða lög og reglur gilda um hjálpartæki í hverju landi. Í dag er unnið að þýðingu gagnagrunnsins á íslensku, en nú eru upplýsingar í kerfinu á 10 mismunandi tungumálum. Verkefni framundan hér heima er m.a. gagnasöfnun frá Íslandi í kerfið. Kerfið gerir kröfur um nýjustu upplýsingar hverju sinni, en það eru gefnir út 3 geisladiskar á ári. Geisladiskur er fyrir DOS- og Windows kerfi.

Reynt hefur verið að gefa smá innsýn í það erlenda samstarf sem hjálpartækjamiðstöð TR tengist. Frekari upplýsingar um ofangreind atriði eru fúslega veittar fyrir áhugasama félagsmenn ÍÍ.

Björk Pálsdóttir er forstöðmaður hjálpartækjamiðstöðvar TR. Hún lauk námi í iðjuþjálfun frá Skolen for ego- og fysiterapeuter í Høstebro í Danmörku 1980.

Lausar stöður

Öldrunarlækningadeild Landspítalans Hátúni
100% staða

BERGFELL HF.

Fjölbreytt úrval af tækjum fyrir hreyfihamlaða einstaklinga í heimahúsum og á sjúkrastofnunum.

Proskaleikföng – rofar – þjálfunartæki. Tjáskiptatæki.

Hjólastólar – göngugrindur – lyftur (hoist)



frístandandi og í loft og margt fl.

Hagstæðustu verðin á markaðinum.

Leitið upplýsinga um verð og fáid senda bæklinga

ETAC SWEDE CROSS

Hágæða hjólastólar af öllum gerðum. Sænsk hágæðavara á frábæru verði.



ETAC Swede Cross

ETAC hjólastólar hafa lífstíðar ábyrgð á undirstelli.

Swede Cross hjólastólana er unnt að sníða að þörfum notandans. Sæti og bak eru stillanleg umfram aðra stóla sem dregur úr „kerrupokastellingu“ notandans. Undirstell eru fáanleg í mismunandi hæðum (stillanlegt), breiddum og lengdum.

Afgreiðslutími á Swede Cross hjólastólum er um 3 dagar.

BERGFELL HF.

Skipholt 50c • Sími 551 6990 , Fax: 551 6956



Garaventa . . . Nr. 1 í stigalyftum.




Frá 1978 hafa **Garaventa** stigalyftur gert fötluðum kleift að komast á staði sem voru þeim áður ókleifir.



ÁRVÍK HF.

OTISLYFTUR HF.

ÁRMÚLI 1 • 128 REYKJAVÍK • SÍMI 568 7222 • FAX 568 7295



luggatjaldæfni og húsgagnaáklæði

- í miklu úrvali

Starfsmenn okkar veita þér allar upplýsingar um td.

slitþol

ljóspól

eldvörn og

þvottaleiðbeiningar

epal

... OG ÞÚ GENGUR AÐ GÆÐUNUM VÍSUM

EPAL HF. • FAXAFENI 7 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 568 7733 • FAX 568 7740

SAMHALL

GÖNGUGRINDURNAR

ERU LÉTTAR
OG
MEÐFÆRILEGAR,
STÖÐUGAR,
FALLEGAR
OG
Á GÓÐU
VERÐI



ÞÆR ÁSAMT
FJÖLBREYTTU
ÚRVALI
HJÁLPRATÆKJA
FÁST Í

KSTOÐ

Trönuhrauni 8 • Hafnarfirði
Sími 565 2885 • Fax 565 1423